

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 1. TBL. 21. ÁRG. 2015



TÖLFRÆÐI UM
FÉLAGSMENN



ÁKÆRUVALDIÐ OG
„LEKAMÁL“



Af vettvangi félagsins

Þyrí Steingrímisdóttir:

Leiðari 4

Ingimar Ingason:

Tölfræði um félagsmenn LMFÍ 6

Nýr ritstjóri og ritnefnd 10

Anna Lilja Hallgrímisdóttir:

Trúnaðarskylda lögmanna 11

Jónas Þór Guðmundsson

Pistill formanns 22

Umfjöllun

Eva Halldórsdóttir:

Sagan af Jóni og Gunnu: Heiður lögmanna-
stéttar og hæfilegt endurgjald 12

Ingvi Snær Einarsson:

Heimsókn í Hæstarétt 14

Eyrún Ingadóttir:

Hádegisfundur LMFÍ og DÍ um frumvarpsdrög réttar-
farsnefndar: Einfaldari reglur og hraðari málsmeðferð 18

Leiðrétting 33

Aðsent efni

Hörður Felix Harðarson og Þórólfur Jónsson:

Athugasemdir vegna ályktana Hæstaréttar um samskipti
verjenda við vitni 28

Bogi Nilsson:

Ákærvaldið og „lekamál“ 30

Jens Pétur Jensen:

Lögbann á lén: að hengja bakara fyrir smið 32

Á léttum nótum

Nýr ritstjóri og ritnefnd 11

Prúðmannlegt jólasnapsmót í anda séra Friðriks 24

Af Merði lögmanni 26

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Þyrí Steingrímisdóttir hrl.

RITNEFND:

Eva Halldórsdóttir hdl.
Guðríður Lára Prastadóttir hdl.
Haukur Örn Birgisson hrl.
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður.
Jóna Björk Helgadóttir hrl., varaformaður.
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., ritari.
Óttar Pálsson hrl., gjaldkeri.
Karl Axelsson hrl., meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Anna Lilja Hermannsdóttir lögfræðingur.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.
Dóra Berglind Torfadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:

Önnur sýn á Hæstarétt.

LJÓSMYNDARI:

Eyrún Ingadóttir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:
thyri@acta.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689



***Ríkulegur staðalbúnaður:** *8 girja sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bilstjóra og farþega, hiti í framsætum, stillanleg fjöðrun (PASM), Bi-Xenon ljós, 18" álfelgur, fullkomið hljómkerni með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl.

Rafmagns - Porsche!

Á tæknilegri hraðferð sinni inn í framtíðina mun Porsche aldrei slá af kröfum um einstaka sporteiginleika og akstursupplifun. Plug-In Hybrid útgáfan af sportjeppanum Cayenne fullnægir þeim markmiðum fullkomlega. Hann getur gengið eingöngu fyrir rafmagni, eingöngu fyrir bensíni eða virkjað báða afgangana jöfnum höndum. Honum er stungið í samband við heimilisrafmagn og hleðslustöð fylgir með bílnum. Hafðu samband við söluráðgjafa og kynntu þér málið.


Porsche Cayenne S E-Hybrid

Verð: 13.490 þús. kr.*

Porsche Cayenne S E-Hybrid
416 hestöfl • 590Nm tog
Hröðun 5.9 sek. 0-100 km/klst.



PORSCHE



Að fara út fyrir hlutverk sitt og umboð

ENGUM BLÖÐUM ER um það að fletta að hlutverk lögmanna er að gæta hagsmuna umbjóðanda síns. Til þess veitir umbjóðandinn lögmanninum umboð. Í hlutverkinu felst að sjá til þess að sjónarmið umbjóðandans, kröfur og röksemdir komist til skila og þegar í réttarsal er komið að tryggður sé réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar. Lögmaður gætir hagsmuna umbjóðanda síns allt þar til málinu er lokið eða umbjóðandinn afturkallar umboðið. Fari lögmaður út fyrir hlutverk sitt og umboð, eða hættir að gæta hagsmuna umbjóðandans í miðjum klíðum, geta afleiðingar þess verið alvarlegar. Þess fyrir utan starfa lögmenn á grundvelli hugsjóna. Hugsjóna um að efla rétt og hrinda órétti og standa vörð um réttarríkið.

Í þessu samhengi, og í ljósi atburða og umræðu undanfarinna daga, er þörf á því að velta fyrir sér umboði og hlutverki ráðherra lögum samkvæmt. Í 1. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 kemur fram að ráðherra starfi í umboði Alþingis. Í lögskýringargögnum kemur fram að þörf hafi verið talin á því að skerpa á þeirri grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar að ráðherra og ríkisstjórn sitji í umboði Alþingis. Regla þessi er jafnan nefnd þingræðisreglan. Ákvarðanir eru teknar á Alþingi, lög eru sett, þingsályktanir samþykktar og fyrir mælum beint til ráðherra og

ríkisstjórnar að framfylgja því. Þess fyrir utan eru ráðherrar stjórn málamenn sem starfa á grundvelli sannfæringar sinnar og hugsjóna. Þingræðisreglan er grundvöllurinn.

Í tilvitnuðum lögum um Stjórnarráð Íslands er ráðherrum og ríkisstjórn veitt viðtækt umboð með svokölluðum stjórnunar- og eftirlitsheimildum enda skuli ráðherra fara með yfirstjórn stjórnvalda sem hafa á hendi framkvæmd stjórnarmálefna er undir ráðuneyti hans heyra. Þá skal ráðherra fara með eftirlit með hinum sömu stjórnvöldum. Umboðið er nokkuð skýrt en ekki ótakmarkað. Það afmarkast af vilja þingsins, þ.e.a.s. þingræðinu sem birtist í 1. gr. stjórnarskár lýðveldisins Íslands. Lög um þingsköp Alþingis leggja svo á herðar utanríkisráðherra sérstaka skyldu til að hafa samráð við utanríkismálanefnd um „meiriháttar utanríkismál“ í störfum sínum í umboði þingsins. Þannig hefur þingið ákveðið að það vilji aukið samráð við sig eftir því sem málum framvindur í utanríkismálum, enda varðar fátt meiri hagsmuni í íslensku samfélagi en einmitt þau mál.

Lögmenn hafa að sjálfsögðu allar mögulegar skoðanir á Evrópusambandinu, hvort Ísland eigi heima þar eða ekki, hvort Ísland eigi að vera umsóknarríki eða ekki og yfir höfuð hvort rétt hafi verið að leggja af stað

í þá vegferð sem aðildarumsóknin er. En burtséð frá því – og með hliðsjón af öllu framangreindu, þá blasa við þær staðreyndir að utanríkisráðherra starfar í umboði Alþingis og ber lagalega skyldu að eiga samráð við utanríkismálanefnd um allar meiriháttar ákvarðanir um utanríkismál. Alþingi veitti utanríkisráðherra umboð til að sækja um aðild að Evrópusambandinu með þingsályktun í júlí 2009. Viðtækt samráð hefur verið haft við utanríkismálanefnd í umsóknarferlinu, þ.m.t. um þá ákvörðun að setja málið „á bið“ en ljóst má vera að málinu er ekki lokið og Alþingi hefur ekki afturkallað það umboð sem það veitti ráðherra til að sækja um aðild og vinna umsókninni brautargengi.

Það hrópar því á mann sú spurning hvort ráðherra hafi farið út fyrir hlutverk sitt og umboð og enginn er betur til þess fallinn að svara þeirri spurningu en lögmaður. Svári nú hver fyrir sig.



Lagadeild Háskóla Íslands AÐGANGSPRÓF (A-PRÓF) OG UMSÓKN

Þeir sem hyggjast hefja nám við Lagadeild Háskóla Íslands haustið 2015 þurfa auk stúdentsprófs að þreyta aðgangspróf (A-próf).

Markmið og ávinningur með A-prófi

- Takmarka fjölda nýnema á hverju hausti.
- Betri og fjölbreyttari kennsla í smærri hópum.
- Aukin persónuleg samskipti kennara og nemenda.
- Minna brottfall nemenda.
- Auka hlut verkefna í námsmati BA-námsins.

5. júní: Umsóknarfrestur til að þreyta A-próf og sækja um BA-nám.

12. júní: A-próf haldið.


Allar nánari upplýsingar um A-prófið er að finna á heimasíðu prófsins: www.hi.is/a_prof
Kynningarbæklinga og myndbönd Lagadeildar HÍ má finna á: www.lagadeild.hi.is

Apróf



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGAÐEILD


Tölfræði um félagsmenn LMFÍ



Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Grafið sýnir fjölgun félagsmanna í Lögmannafélagi á tímabilinu 2005-2015.



Skipting (%) kvenkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

45% lögmanna sjálfstætt starfandi

Í ársbyrjun 2015 voru félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands 1057 talsins. Af þeim þeim eru héraðsdómslögmenn 750 og hæstaréttarlögmenn 307. Alls eru 479 lögmenn sjálfstætt starfandi og 237 lögmenn starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum eru 297 talsins, þar af 89 hjá ríki eða sveitarfélögum og 208 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stundar lögmennsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum er 44 talsins.

Konur í lögmennastétt

Af félagsmönnum í Lögmannafélaginu eru 319 konur. Þar af er 41 hæstaréttarlögmaður. Sjálfstætt starfandi konur í lögmennastétt eru 93 talsins og 96 starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 128 konur sem innanhússlögmenn, þar af 43 hjá ríki eða sveitarfélögum og 85 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Þá eru 2 konur hættar störfum.

Konum í Lögmannafélaginu hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum og er hlutfall þeirra af heildarfjölda félagsmanna komið í 30,2%, samborið við 15,1% árið 2000 og 25,5% árið 2010. Heldur hefur þó hægt á hlutfallslegri fjölgun kvenna í félaginu síðustu misseri og er hlutfall kvenna t.a.m. svipað og það hefur verið síðustu þrjú ár.

Karlar í lögmennastétt

Af félagsmönnum eru 738 karlar, þar af eru 307 hæstaréttarlögmenn. Af þessum 738 körlum eru 386 sjálfstætt starfandi og 142 félagsmenn starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Sem innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 168 karlar, þar af 45 hjá ríki eða sveitarfélögum og 123 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum. Þá eru 42 karlar lögmenn hættir störfum.

pitt.is

Ert þú búin/n að skrá þitt lén?
5.980 kr. á ári

ISNIC

Internet á Íslandi | s: 578 2030 | isnic.is

Litlaoprent

Stór verk - lítið mál



ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN




AÐ HVERJU ÞARF ÉG AÐ HUGA?

- lífeyrissjóði og eftirlaunum
- vörn gegn tekjumissi vegna veikinda eða slysa
- skipulegum sparnaði
- uppbyggingu eigna


Almenni lífeyrissjóðurinn veitir faglega og persónulega ráðgjöf og fer vel yfir þín mál.

Hafðu samband við okkur og við finnum hentuga leið fyrir þig og þína


Borgartúni 25 • sími 510 2500 • www.almenni.is



Grafið sýnir þróun kynjahlutfalls félagsmanna í Lögmannafélaginu á tímabilinu 2005-2015.



Skipting (%) karlkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Grafið sýnir aldurshlutfall (%) lögmanna eftir kynjum, þ.e. hlutfallslega skiptingu á tilteknum aldurskeiðum.

Aldursdreifing

Hlutfallsleg aldurudreifing félagsmanna rímar vel við þá stöðugu þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum 10 - 15 árum varðandi öra fjölgun félagsmanna í Lögmannafélaginu, sérstaklega fjölgun kvenna. Hér að neðan er að finna töflu sem hefur að geyma upplýsingar um hlutfallslega skiptingu lögmanna eftir kynjum á tilteknum aldurskeiðum.

Aldur (ár)	Karlar	Konur
20 - 29	3,0 %	8,2 %
30 - 39	29,7 %	45,1 %
40 - 49	27,1 %	28,2 %
50 - 59	17,3 %	14,4 %
60 - 69	12,7 %	2,8 %
70 - 79	6,8 %	1,3 %
80 - 89	3,0 %	0,0 %
90 - 99	0,7 %	0,0 %

Aldursdreifing félagsmanna hefur lítið breyst frá sambærilegri samantekt á árinu 2010. Þó hefur hlutfall kvenna 49 ára eða yngri í félaginu lækkað nokkuð á árabílinu 2010 til 2015. Þannig var hlutfall kvenna á árinu 2010 83% samanborið við 81,5% árið 2015. Að sama skapi hefur hlutfall kvenlögmanna 50 ára og eldri hækkað á umræddu tímabili og er nú 18,5% á móti 17% árið 2010.

Sambærileg þróun hefur einnig orðið á hlutfalli karla í félaginu eftir aldri, þar sem hlutfall þeirra undir 49 ára hefur lækkað úr 61% árið 2010 í 59,5% árið 2015. Þetta þýðir jafnframt að hlutfall karla 50 ára og eldri hefur hækkað og er nú 40,5% á móti 39% árið 2010.

Ólíkur starfsvettvangur karla og kvenna innan félagsins

Aldurshlutfall kynjanna er mjög ólíkt eftir því hvaða starfsvettvangur lögmenn hafa valið sér. Þannig eru 46% karla undir 49 ára aldri sjálfstætt starfandi en aðeins 24% kvenna. Hlutfall karla í félaginu 49 ára og yngri, sem starfa sem fulltrúar á lögmannstofum er 28%, en hlutfall kvenna í sömu stöðu og á sama aldursbili er 35%. Þá er hlutfall innanhússlögmanna miðað við sömu aldursforsendur 26% hjá körlum en 41% hjá konum. Þegar sambærileg skipting er skoðuð milli þeirra sem eru 50 ára




ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI? NJÓTTU MEIRI HLUNNINDA OG GERÐU FYRIRTÆKJASAMNING VIÐ ICELANDAIR

ISLENSKA SÍJA IS ICEF 73245 02/2015


Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

Njóttu hlunninda fyrirtækjasamningsins. Par má nefna:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
 - Neyðarnúmer er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
 - Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af öllum fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska eftir hverju sinni.
 - Hægt er að nálgast nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.
- + Allar nánari upplýsingar má finna á www.icelandair.is/fyrirtaeki
Eins má senda fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is



Grafið hér að ofan sýnir aldurdreifingu kvenna í félaginu eftir því hvar þær starfa.



Grafið hér að ofan sýnir aldurdreifingu karla í félaginu eftir því hvar þeir starfa.

og eldri kemur í ljós að munurinn á milli kynja er almennt minni. Þannig er hlutfall sjálfstætt starfandi lögmanna í þessum aldurshópi 62% hjá körlum, en 51% hjá konum. Hlutfall þeirra sem starfa sem fulltrúar lögmanna í þessum aldurshópi er 6% hjá körlum en 8% hjá konum. Töluvert meiri munur er hins vegar á hlutfalli kynjanna þegar kemur að innanhússlögmönnum í þessum aldurshópi, en 19% karlkyns lögmanna starfa sem slíkir á móti 37% kvenna. Loks er hlutfall karla sem hættir eru störfum sökum aldurs eða veikinda 14% á meðan hlutfall kvenna er aðeins 2%.

Ingimar Ingason

Nýr ritstjóri og ritnefnd

ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR HRL. hjá Acta lögmannsstofu hefur tekið við ritstjórn Lögmannsblaðsins af Árna Helgasyni hdl. hjá Cato lögmönnum. Auk Árna fór Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl. hjá BBA legal úr ritnefnd og eru þeim þökkuð frábær störf í þágu LMFÍ og Lögmannsblaðsins.

Þyrí hefur setið í ritnefnd ásamt þeim Hauki Erni Birgissyni hrl. hjá Íslensku lögfræðistofunni og Ingva Snæ Einarssyni hdl. hjá Lex síðan í ársbyrjun 2012 en þær Eva Halldórsdóttir hdl. hjá Lögmönnum Lækjargötu og Guðríður Lára Þrastardóttir hdl. hjá Völvu lögmönnum koma nýjar inn.



F.v. Haukur Örn Birgisson, Eva Halldórsdóttir, Þyrí Steingrimsdóttir, Guðríður Lára Þrastardóttir og Ingi Snær Einarsson.

Trúnaðarskylda lögmanna

Á FÉLAGSFUNDI LÖGMANNAFÉLAGS Íslands 12. mars s.l. var kynnt hugmynd að breytingu á trúnaðarskylduákvæði 22. gr. lögmanna laga nr. 77/1998 og fleiri lögum ásamt því að staðfesta kjör á heiðursfélögum.

AÐDRAGANDI ÞESS AÐ laganefnd Lögmannafélagsins hóf vinnu við gerð breytingartillögunnar er mikil óvissa sem skapast hefur á þessu sviði. Trúnaðarskylda lögmanna við skjólstæðinga sína er grundvallarregla í réttarríki og nýtur jafnframt verndar í stjórnarskrá. Á undanförunum árum hefur trúnaðarskyldan verið afnumin á mörgum sviðum án takmarkana og stjórnvöldum er heimilað að kalla eftir upplýsingum frá lögmönnum án tillits til þagnarskyldu þeirra. Þetta er óheppilegt og óvíst hvort og að hve miklu leyti þessar skerðingar samrýmast stjórnarskrá. Þá hafa komið dómsniðurstöður þar sem vernd þessa ákvæðis hefur ekki staðið sína plikt, sbr. Hrd. 347/2012 (brjóstapúðamálið).

Stjórn og laganefnd Lögmannafélagsins töldu því mikilvægt að bæta úr því ástandi sem hefur skapast og í kjölfarið útbjó nefndin breytingartillögu á ákvæðinu, sem hljóðar svo:

„Við 22. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn bætast þrjár nýjar málsgreinar, 3. til 5. mgr:

Ákvæði annarra laga um afnám þagnarskyldu víkja fyrir fyrir mælum laga þessara nema því aðeins þegar lögmaður sér um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna viðskiptavinar síns, opnar eða hefur umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum, útvegar nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum eða stofnar, rekur eða stýrir fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum eða áþekktum aðilum, sbr. þó 4 mgr.

Þagnarskyldu telst ekki víkið til bliðar, þótt tilvik falli undir 3. mgr., ef viðkomandi störf lögmanns felast í ráðgjöf um réttarstöðu, ábyrgð að lögum eða möguleg ágreiningsmál.

Ef lögmaður fær beiðni um aðgang að gögnum eða upplýsingum, sem lögmaður telur að 1. mgr. geti tekið til, er honum heimilt að kalla eftir afstöðu

stjórnar Lögmannafélags Íslands til beiðninnar og viðbragða við henni áður en hann bregst við. Hafi lögmaður veitt stjórn Lögmannafélags Íslands fullnægjandi upplýsingar um belstu atvik máls er honum heimilt að bregðast við beiðninni í samræmi við afstöðu stjórnar Lögmannafélags Íslands. Stjórn Lögmannafélags Íslands og starfsmenn félagsins bera þagnarskyldu um allt sem þeir verða áskynja á þessum grundvelli“.

Fundurinn tjáði sig aðallega um 3. mgr. tillögunnar, en var þó sammála um aðalatriði málsins og lýsti hann yfir stuðningi við tillöguna og samþykkti að fela stjórn félagsins og eftir atvikum laganefnd að koma tillögunni á framfæri við hlutaðeigandi aðila.

Anna Lilja Hallgrímsdóttir

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

Sagan af Jóni og Gunnu:

Heiður lögmennastéttar og hæfilegt endurgjald

Í MÁLI ÚRSKURÐARNEFNDAR lögmanna nr. 17/2014 kvörtuðu Gunna og Jón yfir áskilinni þóknun og störfum Þórs hdl. og Óðins hdl.¹ Málið sýnir mikilvægi þess að ganga frá skriflegu umboði við skjólstæðinga og fara yfir sameiginlegan skilning á máli í lok fundar.

Málsatvik

Gunna átti 10% hlut í fasteign, sem að öðru leyti var í eigu Jóns, sambylismanns hennar. Jón átti í fjárhagserfiðleikum og þingfest hafði verið dómsmál þar sem LBI hf. krafðist gjaldþrotaskipta yfir honum. Ekki hafði tekist að komast að samkomulagi um uppgjör og hafði bankinn krafist þess að fá áðurgreinda fasteign framselda að fullu upp í kröfur sínar.

Gunna hafði þá samband við Þór, starfsmann á lögmennsstofunni Pí, 22. janúar 2014 til að kanna með hagsmunagæslu og sendi í kjölfarið 13 tölvuskeyti með upplýsingum sem vörðuðu einkum samskipti við LBI hf. vegna krafna á hendur Jóni. Sex dögum síðar hittust Gunna, Jón og Þór á fundi, ásamt Óðni, samstarfsmanni Þórs. Aðilar voru í grundvallaratriðum ósammála um hver niðurstaða fundarins hefði verið.

Kærðu, Þór og Óðinn, töldu að aðilar hefðu sammælt um að þeir hefðu samband við LBI hf. og freistuðu þess að semja um skuldauppgjör. Einnig hefði þeim verið falið að gæta hagsmuna Jóns við fyrirtöku gjaldþrotamálsins. Kærendur töldu sig hins vegar hafa hafnað tillögum um að kærðu hefðu milligöngu um skuldauppgjör, enda hefði Jón þegar fengið annan lögmenn til starfans.

Í kjölfar fundarins var stofnað mál í málaskrá Pí og kærendum flett upp í skrá Creditinfo. Sömuleiðis var haft samband við LBI hf., en að sögn kæranda kom það illa við þann lögmenn sem kom fram fyrir hönd Jóns gagnvart LBI hf. auk þess sem það vakti vantraust hjá bankanum.

Í tilefni af uppflettingunni í Creditinfo sendi Gunna Þór lögmanni tölvuskeyti og eftir að hafa fengið útskýringu á uppflettingunni sleit hún samstarfi aðila með eftirfarandi orðum: „*Í upphafi vorum við eingöngu að ræða mína hagsmuni hvað þetta mál varðar. [...] Eins og hefði átt að vera ljóst höfum við verið afar óheppin í leit okkar að lögfræðingi. [Pí] þarf ekki að skoða mál þetta nánar.*“

Í framhaldinu fengu kærendur sendan sinn hvörn reikninginn frá lögmennsstofunni Pí, en þeir kröfðust þess að reikningarnir yrðu felldir niður eða lækkaðir verulega. Úrskurðarnefndin skildi kvörtunina svo að hún byggði á 27. gr. lögmennalaga nr. 77/1998 og að athuga þyrfti hvort beita skyldi viðurlögum á grundvelli ákvæðisins.

Röksemdir kæranda

Gunna og Jón byggðu á því að málaleitan þeirra hefði einungis snúist um hugsanlega hagsmunagæslu fyrir Gunnu. Töldu þau lögmennina tvo hafa brotið gegn siðareglum lögmanna með því að upplýsa þau ekki fyrirfram um áætlaðan kostnað og þá fyrirætlan að fá Óðin að borðinu. Hefði framganga kærðu verið brot á meginreglunni um að lögmenn skuli gæta heiðurs lögmennsstéttarinnar.

Einnig töldu þau að uppfletting í skrá Creditinfo hefði brotið gegn ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

Röksemdir kærðu

Lögmennirnir Þór og Óðinn byggðu á því að þeir hefðu verið fengnir til að vinna að málum beggja kæranda. Gunna hefði óskað eftir aðstoð við gjaldþrotaskipti á búi Jóns og sent tölvuskeyti með fylgiskjölum sem töldu 95 síður. Í tölvuskeytum Gunnu hefði einnig verið að finna upplýsingar um tímasetningu á þinghaldi í gjaldþrotamáli Jóns og fyrirspurn um „*hvort þið treystið ykkur til að verja [Jón] einnig*“.

Þór hefði kynnt sér gögnin og Óðinn verið kallaður að borðinu vegna sérfræðipækkingar sinnar. Það hefði ekki verið ljóst fyrir en síðar að Gunna vildi standa fast á því að halda sínum 10% eignarhluta í fasteigninni og hagsmunir kæranda þar með ekki farið saman.

Unnið fyrir Gunnu en ekki fyrir Jón

Úrskurðarnefndin fjallaði annars vegar um kvartanir vegna starfa kærðu og hins vegar um ágreining vegna endurgjalds. Vakin skal athygli á því að nefndin áréttaði að sönnunarbyrði vegna þess sem óljóst þætti yrði ekki lögð með sama hætti á aðila í þessum tveimur þáttum málsins.

Nefndin taldi að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að brotið hefði verið gegn lögum eða siðareglum lögmanna, sbr. 2. gr. reglnanna. Af tölvuskeytum Gunnu

¹Nöfn málsaðila eru uppdiktuð af höfundi, enda eru úrskurðir úrskurðarnefndar lögmanna ætíð nafnlausir.

mætti ráða að hagsmunir kæranda væru samtvinnaðir og að óskað væri eftir því að málið yrði skoðað í heild. Sömuleiðis væri ljóst af skeytunum að Gunna væri meðvituð um að Þór myndi ekki vinna einn að málinu. Engin gögn hefðu verið lögð fram til stuðnings því að það hefði verið rangur skilningur hjá kærðu eftir fund aðila að þeim væri ætlað að vinna í þágu beggja kæranda og því hefði verði eðlilegt að þeim væri flett upp í skrá Creditinfo. Gerði nefndin ekki athugasemdir við störf kærðu né taldi ástæðu til að beita viðurlögum samkvæmt 2. mgr. 27. gr. lögmannalaga.

Á grundvelli 26. gr. lögmannalaga tók úrskurðarnefndin einnig til skoðunar hvort kærendum hefði verið

kynnt gjaldtaka kærðu, sbr. 2. og 3. mgr. siðareglanna, og hvort gjaldið hefði verið hæfilegt, sbr. 1. mgr. 24. gr. lögmannalaga og 28. gr. þjónustukaupalaga nr. 42/2000.

Kærðu hittu Jón á fundi 28. janúar, en fyrir þann tíma hafði hann ekki falið þeim mál sitt og kærundur gerðu tafarlaust athugasemd þegar þeim varð ljóst að kærðu litu svo á. Gegn eindreginni neitun Jóns var talið að kærðu hefði ekki tekið að sanna að þeir hefðu unnið í þágu Jóns með hans samþykki. Yrðu þeir að bera sönnunarbyrðina fyrir þessum hluta málsins enda verið í lófa lagið að ganga frá skriflegu umboði. Var því fallist á kröfu um að fella niður reikning á hendur Jóni.

Hins vegar taldi nefndin áskilið endurgjald í þágu Gunnu hæfilegt, bæði með tilliti til tímafjölda og fjárhæðar, enda verkefnið umfangsmikið og flókið. Í samskiptum sínum við kærðu hefði Gunna glögglega sýnt að henni væri ljóst að málið væri umfangsmikið og að hún gerði sér grein fyrir að fleiri en Þór kynnu að koma að málinu. Skilaboð hennar hefðu borið með sér að vilji hennar stæði til þess að Þór aðstoðaði hana og að hennar undirlagi hefði réttarstaða gagnvart Jóni verið skoðuð.

Taldi úrskurðarnefndin réttast að hvor aðila um sig bæri kostnað af málinu.

Eva Halldórsdóttir bdl.



LANDSLÖG

LMB
LÖGMENN BÁRUGÓTU

Ert þú að ganga frá bókhaldinu

og veist ekki hvar þú átt að geyma það?



Hjá okkur eru skjölin þín geymd við fullkomnar aðstæður í nýju öruggu húsnæði. Þú þarft aldrei að hafa áhyggjur af plássleysi, öryggi skjalanna eða því að finna ekki ákveðin skjöl.

Með því að nýta þér þjónustu okkar ert þú komin með framtíðarlausn.

- Betri nýting á húsnæði þínu.
- Yfirlit yfir öll skjöl í geymslu.
- Minni tími fer í leit.
- Allur kostnaður skjalageymslunnar verður sýnilegur.

Hafðu samband og láttu okkur þjónusta þig.

Gagnageymslan ehf.
Smíðshöfði 1, 110 Reykjavík,
sími 587 9800, www.gagnageymslan.is



GAGNAGEYMSLAN
Sími 587 9800



Um 60 þátttakendur voru í heimsókn Lögfræðingafélagsins í Hæstarétt.

Heimsókn í Hæstarétt

EITT KULDALEGT SÍÐDEGI í febrúar heimsóttu 60 félagar í Lögfræðingafélagi Íslands Hæstarétt. Byrjað var á leiðsögn um húsakynninn með öðrum arkitekt hússins og svo kynntu dómamarar og aðstoðarmenn réttarins störf sín. Lögmannablaðið fékk að fljóta með.

Rými og jafnvægi

Árið 1992 var ákveðið að byggja yfir starfsemi Hæstaréttar en dómhúsið við Lindargötu, sem hafði hýst Hæstarétt frá árinu 1949, hafði um langt skeið verið ófullnægjandi. Ýmsir staðir voru skoðaðir áður en þáverandi hæstaréttardómarar vorpuðu fram hugmynd um að reisa hús



Markús Sigurbjörnsson forseti Hæstaréttar fræddi lögfræðinga um starfsemi réttarins.

réttarins á Lindargötu 2. Var lóðin síðan lögð til grundvallar fyrir samkeppni um nýbyggingu Hæstaréttar Íslands.

Leitað var að hugmynd sem fæli í sér hagkvæma byggingu sem félli vel að þörfum æðsta dómstóls þjóðarinnar ásamt því sem byggingin skyldi vera virðuleg en um leið látlaus þannig að hún myndi ekki skyggja á byggingar í næsta nágrenni, s.s. Safnahúsið og Þjóðleikhúsið. Höfundar vinningstillögunnar voru arkitektarnir Margrét Harðardóttir og Steve Christer en það var einmitt Margrét sem leiddi fríðan hóp lögfræðinga um húsakynninn. Margrét sagði að hönnuðir hússins hefðu átt marga fundi með hæstaréttardómurum til að fá betri upplýsingar um starfsemi réttarins og þessi góða samvinna endurspegladist í gæðum byggingarinnar. Innra rými hússins hafi verið skýrt afmarkað milli almennings og dómara, móttökurými hússins hugsað sem mikilvægur vettvangur til að undirstrika það alvarlega yfirbragð sem rétturinn hefur og einnig hversu sterk skil eru milli annars vegar almennings og hins vegar dómsstarfanna. Í efnisvali kallast á gróf og fín efni sem ætlað er að endurspeglar það jafnvægi sem kallast sífellt á í störfum réttarins við túlkun löggjafar.

Margrét benti á hvernig hönnunin sneri að því að veita dagsbirtu inn auk



Margrét Harðardóttir arkitekt gekk með hópnum um húsið, sagði frá hallandi gólfum sem tryggðu það að menn þyrftu að vanda sig við að halda jafnvægi og þakglugga yfir verjendum til að tryggja það að orð þeirra heyrðust til einhvers æðra. Höfundur greinarinnar, Ingvi Snær Einarsson stendur lengst til hægri og hlustar af athygli.



Gengið upp ganginn þar sem alvaran tekur við, æðsti dómstóll þjóðar kveður sína dóma, sýknar og sakfellir eftir lögum landsins. Órlaganornir spinna sinn vef.

Þess sem talað mál gæti auðveldlega borist um salina án þess að notast þyrfti við hljóðkerfi. Í stærri dómsalnum er glerlistaverk eftir Leif Breiðfjörð myndlistarmann. Þar er að finna tilvitnanir um skyldur dómara úr Jónsbók og um eiða málflytjenda til sóknar og varnar úr Njáls sögu. Í minni dómsalnum er keilulaga op sem beinir dagsbirtu frá þakglugga beint yfir málflytningssvæði

lögmannna og hugmyndin þar að baki er sú að lögmönnum sé ekki aðeins ætlað að sannfæra dómara í málflytningi sínum heldur sé ávallt eitthvað æðra vald sem sjái allt. Þar er einnig listaverk eftir Svövu Björnsdóttur myndlistarmann sem minnir á hlust þess sem hlýðir á málflytning og ætlað er að hnykkja á mikilvægi þess sem látið er falla í málflytningi – að það berist út fyrir vegg réttarins. Þetta

listaverk færði Lögmannafélag Íslands Hæstarétti að gjöf í tilefni af 75 ára afmæli réttarins 16. febrúar 1995.

Og klukkan sló fimm

Við hlið skrifstofu forseta Hæstaréttar er hvíldarherbergi hæstaréttardómara en þar slaka þeir á eftir þvaður lögmanna, innan um myndir af fyrrverandi dómurum, skella spólu í tækið eða grípa í eitthvað lesefni. Forláta klukka, sem fylgdi réttinum úr fyrri húsakynnum, sló fimm í hvíldarherberginu þegar hópurinn skoðaði sig um en þar lauk kynningu arkitektsins. Skrifstofur dómara og aðstoðarmanna voru ekki hluti af skoðunarferðinni enda viðkvæm málefni þar uppi á borðum og óviðkomandi ekki ætlaður aðgangur að þeim. Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar sem var orðinn dómari þegar rétturinn var staðsettur í gamla dómhúsinu við Lindargötu, sagði að gríðarlegar breytingar hefðu orðið á vinnuáðstöðu dómara með hinu nýja húsi.

framb.

Andri Árnason hrl.
Edda Andradóttir hdl.
Finnur Magnússon hdl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is



Af fjölda mála og flóknum úrlausnarefnum

Markús fjallaði um starfsemi Hæstaréttar og sagði að þrátt fyrir að málafjöldi hefði allt að því tvöfaldast á 20 árum hefði dómara fjöldi staðið í stað. Nokkur fjölgun hefur þó orðið í starfslíði réttarins og eru nú fimm aðstoðarmenn í stað tveggja áður. Þau mál sem koma fyrir réttinn eru mjög mismunandi að umfangi og eðli. Einkamál eru um 2/3 af heildarmálfjöldanum og 1/3 eru sakamál. Markús rakti málsmeðferð í kæru- og áfrýjunarmálum og fór yfir skilyrði og fresti sem gilda um slík mál. Að síðustu fór hann yfir skiptingu dómara í A- og B-deild og þá miklu kúnt að raða þeim á einstök mál til að tryggja að hending ráði.

Benedikt Bogason hæstaréttardómari fór yfir störf dómara við réttinn og vinnslu dómsmála. Í áfrýjunarmálum liggur dagskrá réttarins fyrir með löngum fyrirvara. Þegar dómskjöl berast þá eru þau lesin rækilega og málið rætt milli dómara áður en til málf lutnings kemur. Í stærri málum tíðkast einnig að dómara haldi sérstaka fundi í aðdraganda málf lutnings. Alla jafna tekur málf lutningur um einn og hálfan til þrjá klukkutíma. Að því loknu koma dómara saman til fundar og einn þeirra gerir grein fyrir málinu. Hann kemur einnig með tillögu að úrlausn málsins en að því loknu tjáir hver dómari sig um málið og skýrir frá sínu viðhorfi. Svo er málið rætt nánar ef þurfa þykir

en ella lýkur fundi. Síðan skrifar sá sem gerði grein fyrir málinu atkvæði sem er samlesið af öllum dómurum og niðurlagið verður þá dómur í viðkomandi máli. Ef dómari fellur sig ekki við þá niðurstöðu þá skrifar hann sér atkvæði sem er þá birt með dómnum. Í kærumálunum er sambærileg aðferðarfræði nema hvað um er að ræða skriflega flutt mál og þau afgreidd um leið og þau eru tilbúin.

Að lokum greindi Guðlaug Jónasdóttir frá störfum aðstoðarmannanna fimm. Aðstoðarmennirnir skipta með sér verkum og eru annað hvort í kærumálunum eða í áfrýjunarmálunum. Nokkuð meiri hasar er í kærumálunum og fjöldi þeirra mismunandi frá viku til viku. Aðstoðarmenn eru til dæmis dómurum innan handar við heimildaleit en einnig er það hlutverk þeirra að lesa upp ákveðna þulu á dómþingi þar sem gerð er grein fyrir máli, s.s. úrlausn héraðsdóms, kröfum og hverjir komi til með að flytja viðkomandi mál. Ef mál eru einföld þá leggur dómari stundum fyrir aðstoðarmann að setja upp dómsatkvæði eftir forskrift hans. Önnur mál eru flóknari og kalla á nánari yfirferð en þá er haldinn fundur með viðkomandi dómara þar sem málið er skoðað með ítarlegum hætti. Aðstoðarmenn hafa einnig ákveðið hlutverk við dómsuppsögu ásamt því sem það er í þeirra verkahring að reifa dómana og birta þá á heimasíðu réttarins. Aðstoðarmenn sinna einnig samskiptum og leiðbeiningum til

lögmannna sem og til þeirra borgara sem kjósa að flytja mál sitt sjálfir.

„Fordómar“ í kolli dómara

Nokkrum spurningum var varpað fram af gestum og meðal annars var spurt að hvaða marki málf lutningur hefði áhrif á niðurstöðu dómsmála. Markús svaraði því til að þrátt fyrir að dómari ætti ekki að koma inn í dómsalinn með „fordóm“ í kollinum, þá taldi hann það ekki koma oft fyrir að dómari skipti um skoðun við flutning málsins. Einnig var spurt hvort svar við hinum mikla fjölda mála sem kæmi fyrir Hæstarétt væri hækkun á áfrýjunarfjárhæð eða hvort svarið fælist í millidómstigi. Markús taldi millidómstig aðeins vera tilflutning á vandamálinu en slíkum kerfisbreytingum þyrfti að fylgja eftir með nægjanlegu fjármagni. Ljóst væri að áfrýjunarfjárhæð væri of lág enda hefur ekki verið hreyft við viðmiðunarfjárhæðinni um langt skeið. Einnig var spurt um endurmenntun hæstaréttardómara og var stutta svarið það að henni væri ekki til að dreifa. Hæstaréttardómara leiti sér frekari þekkingar á málþingum og með fræðiskrifum en forseti réttarins taldi um þarfa ábendingu að ræða. Skipulögð endurmenntun ætti erindi við hæstaréttardómara líkt og aðrar starfsstéttir.

Að lokum

Allir sem tóku til máls voru sammála um að húsnæði Hæstaréttar væri einstaklega vel heppnað og vinnuaðstaðan væri til fyrirmyndar. Fram kom að þetta væri einnig skoðun þeirra dómara frá nágrannalöndum okkar sem hafa heimsótt húsakynni Hæstaréttar á undanförunum árum. Það var mál manna að heimsókn í Hæstarétt hefði heppnast einstaklega vel – lögfræðingarnir þustu því næst út úr réttinum og komu sér fyrir á nálægri knæpu til frekara skrafs.

Ingvi Snær Einarsson hdl.

Við elskum umslög



- en prentum allt mögulegt

- Nafnspjöld
- Reikninga
- Veggspjöld
- Bréfsefni
- Einblöðunga
- Borðstanda
- Bæklinga
- Markpóst
- Ársskýrslur

1989

Umslag var stofnað árið 1989 og er nú leiðandi á sínu sviði sem eitt stærsta fyrirtækið hér á landi í prentun, þökkun kynningarefnis og annarra gagna fyrir fyrirtæki og stofnanir. Í upphafi voru þrír starfsmenn hjá fyrirtækinu, en í tímans rás hefur fyrirtækið stækkað og dafnað. Árið 1997 flutti starfsemi Umslags úr upphaflegu húsnæði sínu, í Lágmúla 5, bakhús. Þar er öll starfsemi fyrirtækisins sem er nú leiðandi á Íslandi í prentun og þökkun gagna.

Hagnýtar upplýsingar www.umslag.is



- Vottun Norræna umhverfismerkisins Svansins til staðfestingar á góðum árangri í umhverfismálum.
- Umslag hefur ávallt lagt mikla áherslu á umhverfismál
- Með þessari vottun tryggir fyrirtækið að öll efni sem notuð eru við prentun séu vistvæn
- Pappír sem notaður er Svansvottaður eða Blómmerktur sé þess kostur.
- Með auknu úrvali Svansvottaðrar vöru fyrir neytendur tryggjum við minni álag á umhverfið.

„Umslag leggur mikla áherslu á að geta sýnt fram á að þeim kröfum sem settar eru fram í vottuninni sé framfylgt með viðeigandi hætti. Slíkt sé vottur um metnað fyrirtækisins til að vera fremst í flokki fyrirtækja í prent- og gagnavinnslu“

- ISO 27001 öryggisvottun er tryggð á eftirfarandi hátt:
- Fyllsta öryggis er gætt í allri gagnavinnslu.
- Ströngum verkferlum er beitt við alla vinnslu.
- Verksmiðju okkar er skipt upp í öryggissvæði.
- Engir óviðkomandi hafa aðgang að vinnusvæðum.
- Stöðug eftirfylgni að öllum reglum sé fylgt.
- Vottunin er endurnýjuð árlega í framhaldi af úttekt.



IS 594468

Framúrskarandi síðan

2010

Frá því árinu 2010 hefur Creditinfo valið framúrskarandi fyrirtæki og hefur Umslag verið í þeim hópi frá upphafi Creditinfo hefur unnið að ítarlegri greiningu sem sýnir hvaða íslensku fyrirtæki fá bestu einkunn í styrk- og stöðuleikamati félagsins. Við valið voru síðustu þrjú ársreikningar fyrirtækja lagðir til grundvallar og þurftu þau meðal annars að sýna fram á jákvæðan rekstrarhagnað og ársniðurstöðu. Sömuleiðis máttu eignir aldrei vera undir 100 milljónum og eiginfjárlutfall aldrei minna en 20%. Einnig þurftu fyrirtækin að vera í flokki 1-3 CIP áhættumati Creditinfo.

2010

2011

2012

2013

2014



Hádegisfundur LMFÍ og DÍ um frumvarpsdrög réttarfarsnefndar

Einfaldari reglur og hraðari málsmeðferð

RÉTTARFARSNEFND HEFUR AÐ tilhlutan innanríkisráðherra samið drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um meðferð einkamála og fleiri lögum á sviði réttarfars þar sem leitast er við að auka skilvirkni við afgreiðslu dómsmála með því að einfalda reglur og hraða málsmeðferð. Í lok janúar sl. héldu Lögmannafélagið og Dómarafélag Íslands sameiginlegan fund þar sem athyglisverðustu atriði frumvarpsins voru rædd. Skúli Magnússon héraðsdómari og formaður DÍ ræddi fyrirhugaðar breytingar út frá sjónarhóli dómara og Stefán A. Svensson hrl. hjá Juris, sem situr í laganefnd LMFÍ, út frá sjónarhóli lögmanns. Nokkrir fundargestir tóku síðan til máls en Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari stjórnaði fundi.

Skúli hóf fundinn og sagði fyrirhugaðar breytingar vera varfærnar og hugsaðar sem fyrsta skref í átt til frekari endurskoðunar. Það væri skynsamleg nálgun með hliðsjón af því að íslenskt réttarfar væri að flestu leyti gott og sveigjanlegt og gæfi ýmsa möguleika á að þróa breytt verklag með ýmsum hætti innan marka þegar gildandi reglna.

Markmið breytinga væri aukin skilvirkni en þetta þýddi óhjákvæmilega aukið forræði dómsins á málsmeðferðinni: „Þegar við tölum um aukna skilvirkni við rekstur einkamála erum við að tala um að það sé verið að skera úr um það sem skiptir máli, þ.e. raunveruleg ágreiningsefni aðila, og unnt sé að komast að niðurstöðu á tiltölulega skömmum tíma. Þessar kröfur fallast því miður ekki alltaf í faðma við fullkomið málsforræði aðila,“ sagði hann.

Skipting sakarefnis

Í 4.gr. frv. er gert ráð fyrir því að dómari geti skipt upp sakarefni að eigin frumkvæði, eða eftir ósk annars aðila eða beggja á meðan önnur atriði þess hvíla og bíða þess að vera dæmd. Skúli sagði að af breytingunni leiddi að þegar dómari hefur kynnt sér mál hafi hann rýmri heimildir til þess að láta aðila fjalla um tiltekin atriði sem geta ráðið úrslitum máls svo niðurstaðan geti legið fyrir með mun skilvirkari hætti. Sem dæmi nefndi hann mál þar sem dómari teldi að flókin og umdeild krafa væri fyrnd. Hugsanlega gæti dómari skipt sakarefninu upp þannig að aðilar fjölluðu fyrst um fyrningarþáttinn.

Þetta gæti til dæmis komið í veg fyrir gagnaöflun um flóknar skaðabótakröfur: „Okkar réttarfar í dag er svolítið þannig að við erum að reyna að éta fíl í heilu lagi. Við þurfum að hafa rýmri heimildir til að búta mál niður þannig að við getum étið filinn bita fyrir bita,“ sagði hann. Væntanlega yrði ákvörðun dómara um að skipta sakarefni kæránleg til Hæstaréttar, en Skúli sagði veigamikil rök fyrir því að það yrði heimilt.

Stefán sagði skiptingu sakarefnis vera þann þátt sem stæði einna helst í lögmönnum enda breytingarnar ákveðið inngrip inn í forræði aðila máls. Í þessu gæti hins vegar legið ákveðið hagræði til dæmis í skaðabótamálum sem kölluðu á mikla sönnunarfærslu sem gjarnan tæki langan tíma: „Ef dómari telur að krafa sé fyrnd, eða að ekki sé um saknæma háttsemi að ræða, getur hann, samkvæmt ráðgerðri breytingu, upp á sitt eindæmi skipt sakarefninu og látið dæma um það atriði en sumir lögmenn setja spurningamerki við það,“ sagði hann.

Í umræðum fagnaði Einar Gautur Steingrímsson hrl. þessum breytingum: „Til dæmis getur það auðveldlega gerst í skaðabótamálum að meta þurfi hver sé upphafsstaða fyrningarfrests, sérstaklega



Arnfríður Einarsdóttir stjórnaði fundi.



Skúli Magnússon.



Stefán A. Svensson.

eftir að fyrningalögum var breytt 2008. Ekkert vit er í því að ríkið sé að kosta til vinnu dómara við að fara í gegnum mikla sönnunarfærslu ef málið getur fallið á fyrningu. Það sama gildir um þann sem er stefnt en hann á ekki að þurfa kosta til fjármunum þegar málið hefði aldrei átt að komast lengra," sagði hann.

Munnlegar matgerðir

Í 5. og 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því að mögulegt sé að viðhafa munnlegar mats- og skoðunargerðir. Matsmanni ber síðan að kröfu aðila að koma fyrir dóm til að gefa skýrslu til skýringar og staðfestingar á matsgerðinni.

Skúli taldi þetta mjög skynsamlegt skref í þá átt að létta á mats- og skoðunargerðum í minniháttar málum: „Matsmaðurinn fær matsspurningu og boðar til matsfundar að viðstöddum aðilum. Síðan verður skýrslutaka fyrir

dómi um afstöðu matsmanns en hægt yrði að fá svör matsmanns útprentuð ef menn vilja fara fram á yfirmat," sagði hann. Skúli taldi að sá möguleiki ætti að vera til staðar að svör matsmanns við matsspurningum væru skráð í þingbók af dómara í stað þess að matsmaður legði þau fram í sérstöku skjali, eins og frumvarpið gerði ráð fyrir. Stefán taldi að með þessu yrði matsferlið skilvirkara og ódýrara, sem gæti stundum verið til bóta: „Sum mál þola ekki mikinn kostnað en eins og ég skil frumvarpið þá mun matsmaðurinn skila svörum við spurningum en síðan yrði hægt að spyrja hann út í forsendurnar," sagði hann en benti hins vegar á að stundum væri það þannig að lögmaður, áður en matsmaður kæmi fyrir dóm og gæfi skýrslu, þyrfti að leita til sérfræðings til að fá álit á matsgerð í flóknum málum, þ. á m. forsendum matsgerðar, og það væri ekki hægt þegar hann vissi ekki hverjar forsendurnar væru fyrir en í

skýrslutökunni sjálfri. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. kvaddi sér hljóðs í umræðum og lýsti yfir áhyggjum af lausung sem væri viðhöfð í sambandi við matsmenn og matsgerðir. Ef farið yrði að heimila munnlegar matsgerðir í einhverjum mæli væri enn verið að auka þá lausung og að fara þyrfti varlega í breytingar. Eiríkur Tómasson, hæstaréttardómari og formaður réttarfarsnefndar, benti í lokin á að breytingartillögur um munnlegar matsgerðir væru fyrst og fremst hugsaðar til notkunar í einföldum málum, svo sem í neytendamálum. Með munnlegum matsgerðum opnaðist sú leið að lækka kostnað við dómkvaddan matsmann og yrði það mikil réttarbót í einfaldari málum.

Frávísun

Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að ef stefndi krefst þess að máli sé vísað frá dómi

LIT ehf.

Ingi Tryggvason hrl.



L Lögmennt Höfðabakka



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is

L LÖGMANNSHLÍÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
GLEARGÁTU 36 • 650 REYKJAVÍK • VÍÐI 406 2200 • NETFANG: LÖGMANNSHLID@IS
SIGMUNDUS GJÖRNUMSSON HRL. • INGIARI ÞORSSON HRL.

sé honum heimilt að leggja fram greinargerð einungis um þá kröfu. Sé ekki fallist á frávísun fái stefndi frest til að leggja fram greinargerð um efnisvarnir sínar. Skúli sagði þetta til bóta því ekki væri alltaf réttlætanlegt að menn færu í þá vinnu sem fylgdi því að setja fram efnisvarnir og leggja fram öll gögn þar að lútandi, nema þeir hefðu vissu fyrir því að málið væri tækt til efnismeðferðar. Stefán var einnig fyrir sitt leyti sammála þessari breytingu.

Munnlegir úrskurðir

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir að í stað skriflegs úrskurðar geti dómari fært rök fyrir niðurstöðu munnlega og skráð úrskurðarorð í þingbók nema úrskurður feli í sér lokaniðurstöðu máls. Ef úrskurður er kærður til æðra dóms beri dómara að semja skriflegan úrskurð. Að sögn Skúla þarf dómari í dag oft að fresta máli til svo tóm gefist til samningar úrskurðar jafnvel þótt dómari hafi þegar gert upp við sig niðurstöðuna og rök

fyrir henni. Stefán benti á að þar sem semja skyldi skriflegan úrskurð ef mál yrði kært, eða ef úrskurður fæli í sér lokaniðurstöðu máls, yrði ekki séð að neinir meinbugir væru á þessari breytingu.

Dómsskjöl

Í b. lið 13. gr. frv. kemur fram að sá sem kærir úrskurð eða dómsathöfn skuli senda Hæstarétti gögn máls í fjórriti innan ákveðins tíma og skila málsögnum, þ. á m. greinargerð, samtímis til gagnaðila. Stefán sagði þessa breytingu til bóta: „Ég tel ekkert óeðlilegt að kærandi beri kostnað af því að búa til kæruágreip og standi sjálfur skil á gögnum frekar en dómstólar. Þá tel ég horfa til framfara að gagnaðili fái alltaf greinargerð kæranda, enda stundum tíðkast að hafa kæru snubbótta og skila síðan greinargerð til Hæstaréttar og láta gagnaðilann ekki fá hana, jafnvel einnig ný gögn. Þó þetta sé í sjálfu sér ekki andstætt lögum verður oft svolítið

undarlegt þegar gagnaðilinn vill ekki segja á hverju hann byggir og því gott að bæta úr þessu,“ sagði hann. Eiríkur sagði fjölgun kærumála vera að kaffæra Hæstarétt og með þessari breytingu væri verið að koma kærumálum í svipaðan búning og áfrýjunarmálin væru: „Við fáum kærumál í einum bunka, skjöl í belg og biðu, og þónokkur tími fer í að koma skikki á þau,“ sagði hann. Því væri nauðsynlegt að breyta reglum til að auðvelda Hæstarétti að leysa úr þessum málum sem oft væru viðamikil.

Einnig var rætt um form og efni dómsskjala og sagði Skúli að lengd stefnu og greinargerðar væri komin út í vitleysu, t.d. væri nú orðið all vanalegt að hæstaréttardómar væru raktir fram og til baka í þessum gögnum. Það væri spurning hvort dómstólaráð þyrfti að setja reglur um form og frágang skjala, þ. á m. hámarks lengd. Stefán tók undir að stefnur og greinargerðir væru oft af langar og jafnvel óljósar. Í Bretlandi væri framkvæmdin jafnan sú, eftir því sem hann þekkti til, að stefnur væru með númeruðum málsgreinum og gagnaðilar tækju svo afstöðu til hvorrar málsgreinar fyrir sig. „Með þessu áttar maður sig strax miklu betur á því í hvaða búningi málið er,“ sagði hann.

Í lokin

Skúli vakti athygli á ýmsum atriðum réttarfars sem ekki væri fjallað um í frumvarpinu en full ástæða væri til að taka til endurskoðunar, t.d. reglur um sérfróða meðdómsmenn og reglur um aðild ríkisins og ríkisstofnana. Fundarmenn virtust hins vegar almennt vera jákvæðir gagnvart frumvarpsdrögum og sammála um að fyrirhugaðar breytingar væru þarfar. Hægt er að nálgast frumvarpsdrögin á heimasíðu innanríkisráðuneytis á slóðinni <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/29075>.

Eyrún Ingaóttir tók saman.




ADVEL
lögmenn

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Iceland

(+354)520 2050
advel@advel.is
advel.is

ADVEL LÖGMENN ERU

Anton Björn Markússon hrl.
Davíð Örn Sveinbjörnsson LL.M. | hdl.
Fanney Finnsdóttir lögfræðingur
Guðmundur Siemsen hdl.
Gunnlaugur Úlfsson hdl.
Hrafnhildur Kristinsdóttir LL.M. | hdl.
Jóhanna Katrín Magnúsdóttir LL.M. | hdl.
Jón Ögmundsson JD | hrl.
Kristinn Hallgrímsson hrl.
Linda Fanney Valgeirsdóttir hdl.
Margeir Valur Sigurðsson hdl.
Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl.
Sigrún Helga Jóhannsdóttir hdl.
Sigurður Valgeir Guðjónsson hdl.
Snorri Stefánsson hdl.
Stefán Þór Ingimarsson LL.M. | hdl.
Telma Halldórsdóttir MA | hdl.
Valgerður B. Eggertsdóttir LL.M. | hdl.
Þórdís Bjarnadóttir hdl.



“ The team is praised as being very resourceful in difficult situations and providing outstanding value for money. ”

The Legal 500

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



Nokkur mikilvæg réttarfarsmál

Í DÓMI HÆSTARÉTTAR í Al Thani-málinu 12. febrúar sl. er fjallað um nokkur atriði sem hafa verið áberandi í umræðu um réttarfars- og mannréttindamál síðustu misseri. Meðal þeirra eru framkvæmd símahlustunar þegar um samtöl sakbornings og verjanda er að ræða, samskipti verjanda og vitnis og aðgangur að gögnum máls. Dómurinn vekur upp ýmsar spurningar og fullt tilefni er til ítarlegrar greiningar.

Til að mynda segir um fyrst nefnda atriðið í dóminum: „... er þess að gæta að ekki fæst séð hvernig lögregla gæti almennt hagað aðgerðum við hlustun síma sakbornings á annan hátt en gert var í þessu tilviki [upptökum af samtölum milli sakbornings og verjanda hafði ekki verið eytt, en að sögn var um að ræða mistök auk þess sem ekki hafði verið hlustað á þær, innsk. JPG], enda verður hvorki séð fyrir hvort símtal sakbornings kunni að vera við verjanda fremur en annan né hefur lögregla heimild í XI. kafla laga nr. 88/2008 til að fela öðrum framkvæmd þess inngrips í friðhelgi einkalífs manna að hlusta á símtöl þeirra.“

Af hálfu Lögmannafélagsins hefur á undanförunum misserum ítrekað verið bent á að allt benti til að bæði framkvæmd símahlustunar og eftirlit með henni væri ófullnægjandi. Erindi þar að lútandi hafa verið send ríkissaksóknara, innanríkisráðherra, réttarfarsnefnd, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis og umboðsmanni Alþingis. Sjónarmið félagsins hafa jafnframt, eftir atvikum, verið skýrð á fundum með þessum aðilum. Þá hefur viðhorf félagsins alloft komið fram í fjölmiðlum.

Þann 25. febrúar sl. sendi félagið bréf til umboðsmanns Alþingis (til þess að fylgja eftir fyrri bréfi og fundi), þar sem segir m.a.: „Í ljósi þess að reglur um eftirlit með framkvæmd símahlustunar lögreglu og meðferð á upplýsingum sem þannig er aflað virðast vera af skornum skammti og þess að embætti ríkissaksóknara

getur ekki, sökum manneklu og fjárskorts, sinnt því takmarkaða eftirliti sem því er skylt að sinna samkvæmt 2. mgr. 85. gr. sakamálagaga nr. 88/2008, telur Lögmannafélag Íslands brýnt að embætti umboðsmanns Alþingis hefji frumkvæðisrannsókn á málinu á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997. Einnig telur félagið eðlilegt, komist umboðsmaður að þeirri niðurstöðu í athugun sinni, að meinbugir séu á gildandi lögum eða þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem í gildi eru, eftir atvikum ákvæðum í sakamálagögum, fjarskiptalögum og verklagsreglum lögreglu um símhlustanir, auk leiðbeininga vegna sérstakra rannsóknarræða, svo og um þær kröfur sem gera verður til tæknibúnaðar lögreglu til símhlustunar, að hann tilkynni Alþingi og hlutaðeigandi ráðherra um niðurstöðuna, sbr. ákvæði 11. gr. laga nr. 85/1997.“

Allt frá því að dómur gekk í héraði í Al Thani-málinu 12. desember 2013 hafa samskipti lögmanna og vitna í dómsmálum verið nokkurri óvissu háð. Á vettvangi Lögmannafélagsins varð að ráði að laganefnd félagsins ynni drög fyrir stjórnina að tillögu að breytingu á síðareglum lögmanna. Að fenginni afstöðu síðareglunefndar félagsins til draganna voru þau kynnt á félagsfund 26. nóvember 2014.

Í ályktun félagsfundarins fólst stuðningur við tillögudrögin og var stjórn Lögmannafélagsins falið að vinna áfram að þeim því til staðfestu. Stjórn félagsins samþykkti á fundi 4. desember 2014 að leggja til breytingu á síðareglum lögmanna til samræmis við tillögudrögin. Gera má ráð fyrir að tillaga stjórnar þar að lútandi verði lögð fyrir næsta aðalfund félagsins í maímánuði.

Á undanförunum árum hefur, að margra mati, verið þrengt að trúnaðarsambandi lögmanna og skjólstaðinga í réttarframkvæmd. Stjórn og laganefnd Lögmannafélagsins hafa talið nauðsynlegt

að styrkja ákvæði lögmannalaga er að þessu lýtur. Laganefnd félagsins vann því drög að tillögu að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lögmenn og kynnti fyrir stjórninni í september 2014. Eftir umfjöllun og frekari vinnu lá tillaga laganefndar endanlega fyrir í janúar sl. Hún var síðan kynnt á félagsfund 12. mars sl., sem ályktaði um stuðning við tillöguna og fól stjórn félagsins og eftir atvikum laganefnd að koma henni á framfæri við hlutaðeigandi aðila.

Á fundi stjórnar 19. mars sl. var samþykkt að óska eftir því að laganefnd tæki afstöðu til þess hvort hún teldi ástæðu til að gera breytingar á tillögu sinni með tilliti til umræðna á fundinum. Þegar laganefnd hefur lokið yfirferð sinni gerir stjórnin ráð fyrir að kynna tillöguna fyrir innanríkisráðherra og réttarfarsnefnd.

Nefnd sem innanríkisráðherra setti á fót í ágúst 2013 til þess að undirbúa upptöku millidómstígs hefur skilað af sér drögum að lagafrumvörpum sem birt eru á heimasíðuráðuneytisins. Mikilvægt er að ítarleg umræða fari fram um tillögur nefndarinnar og vonandi leggur ráðherra síðan fram lagafrumvarp á næsta haustþingi sem góð sátt getur tekist um.

Taka þarf afstöðu til þess hvernig skuli haga reglum um réttindi til flutnings mála fyrir dómi og öflun þeirra, verði millidómstigi komið á fót. Að beiðni nefndar ráðherra kynnti stjórn Lögmannafélagsins nefndinni hugmyndir sínar í því efni. Vegna skamms tíma sem gafst til að móta þær var gerður fyrirvari af hálfu stjórnarinnar um frekari vinnu og samráð við félagsmenn í Lögmannafélaginu. Í skilabréfi til ráðherra frá 25. febrúar sl. lýsir nefndin stuttlega viðhorfi sínu í þessu efni, en gerir ekki sjálfstæða tillögu. Stjórn Lögmannafélagsins sendi því ráðherra bréf 19. mars sl. þar sem félagið er lýst reiðubúið til að vinna að útfærslu breytinga á lögum um lögmenn hvað réttindamálin varðar.

Varðveislu trúnaðarupplýsinga lýkur með eyðingu þeirra



Við vinnum eftir vottuðu gæðakerfi

Bæjarflöt 4
112 Reykjavík

Sími: 568 9095
www.gagnaeyding.is

GAGNAEYÐING

Örugg eyðing gagna í yfir 20 ár



Jólasnapsmeistarar urðu Cato lögmenn. Efri röð f. v. : Jóhannes Árnason, Andri Óttarsson, Hallmundur Albertsson og Arnar Ingi Ingvarsson. Neðri röð f.v.: Ívar Þór Jóhannsson, Eyvindur Sólmes og Sverrir B. Pálmason.

Prúðmannlegt jólasnapsmót í anda séra Friðriks

FÖSTUDAGINN 19. DESEMBER 2014 mættu vaskir lögmenn í Framheimilið í Safamýri til að keppa á árlegu jólasnapsmóti LMFÍ í innanhúsknattspyrnu. Að þessu sinni kepptu fjögur lið lögmanna en fyrsta skal telja handhafa Jólasnapsbikarsins og ríkjandi meistara í utanhúsknattspyrnu, lið Opus lögmanna. Þá voru lið frá LOGOS og Cato auk KF Þrumunnar sem hafa manna lengst haldið út fótboltaíðkun innan félagsins.

Lið Opus lögmanna þótti sigurstranglegt enda ríkjandi meistarar bæði innanhúss sem utan. Liðið var auk þess

mannað miklum fjölda lögmanna með Erlend Þór Gunnarsson í fararbroddi. Hið sigursæla lið LOGOS var skipað blöndu af ungum og reynslumiklum leikmönnum. Cato lögmenn þóttu heldur ekki árennilegir enda liðið skipað mörgum ungum og efnilegum leikmönnum. Restina rak svo lið Þrumunnar en menn höfðu á orði að mittismál leikmanna hennar hefði aukist töluvert og ljóst var að meðalaldur var að nálgast sex tugi.

Dómarar mótsins fylgdu því eftir að leikmenn færu að settum reglum og var eftir því tekið hversu leikmenn léku

prúðmannlega. Þá var háttvísi leikmanna slík að halda mátti að andi séra Friðriks hafi verið mættur í Framheimilið.

Lið LOGOS og Cato lögmanna byrjuðu vel meðan lið ríkjandi meistara Opus lögmanna og lið KF Þrumunnar hikstuðu í byrjun. Leiknar voru tvær umferðir og að lokinni fyrri umferð var ljóst að lið Cato lögmanna ætlaði að selja sig dýrt. Og það gekk eftir. Liðið herti tókin og rúllaði að lokum upp mótinu með sannfærandi hætti. Lið LOGOS gaf eftir á lokametrunum og hleypti fram úr sér síngu liði KF Þrumunnar. Óvænt rak lið Opus lögmanna lestina.



Í öðru sæti voru hinir síungu leikmenn KF Þrumunnar: F.v.: Pórir Júlíusson, Grétar Jónasson, Guðni Á. Haraldsson og Brynjólfur Eyvindsson, sem vel að merkja halda á fimmta liðsmanni Þrumunnar Magnúsi Brynjólfssyni sem sést ekki.



Í þriðja sæti voru svo liðsmenn LOGOS. F.v.: Stefán Pór Ólafsson, Benedikt Egill Árnason, Halldór Brynjar Halldórsson, Erlendur Gíslason og Ágúst Bragi Björnsson.

Lið LOGOS og Opus voru jöfn með 6 stig en lið LOGOS hreppti 3. sætið á innbyrðis viðureign liðanna.

- Úrslit mótsins urðu því sem hér segir:
1. sæti Cato lögmenn með 11 stig.
 2. sæti KF Þruman með 8 stig.
 3. sæti LOGOS með 6 stig.

Í mótslok mætti svo Eyrún Ingadóttir með jólasnaps og öl og var að venju gerður góður rómur af komu hennar. Hún afhenti Cato lögmönnum jólasnapsbikarinn og voru menn sammála um að þeir væru vel að honum komnir. Fögnuður þeirra Cato manna var enda mikill og sást bikarinn síðast á lofti á

Skúla Fógeta klukkan ellefu um kvöldið. Þótti gestum staðarins mikið til koma.

Að lokum eru þakkir færðar þeim sem sáu um framkvæmd mótsins.

Nefndin

**Við gerum
atvinnulífið
viðburðaríkara**

Practical og Congress Reykjavík hafa nú sameinað krafta sína undir merkjum CP Reykjavík. Við erum frísklegt og skapandi þjónustufyrirtæki sem skipuleggur viðburði, ferðir og ráðstefnur fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini.

RÁÐSTEFNUR / VIÐBURÐIR / HVATAFERÐIR

cp
REYKJAVÍK

www.cpreykjavik.is

Af Merði lögmanni

Mörður lögmaður sendi Lögmannablaðinu á dögnum eintak af óútkominni ævisögu sinni, „Enginn er spámaður í sínu föðurlandi“ en í henni fer Mörður ítarlega yfir langan feril sinn sem lögmaður. Blaðið hefur fallist á að birta valda kafla úr bókinni.

Úr 2. kafla – Uppvaxtarárin

„Á leikskóla lenti ég miklum deilum við samnemendur mína. Þeir þeirra, sem ég ætla að sýna þá kurteisi að nafngreina ekki, héldu því fram að þeir ættu rétt á að stýra gulu leikfangagröfunni sem var í sandkassanum. Engin gögn studdu þessa fullyrðingu þremminganna. Samt héldu þeir áfram að nota gröfuna, dag eftir dag og moka sandinum fram og til baka líkt og þeir ættu hann og væru yfir lög og reglur hafnir. Ég fékk stundum á tilfinninguna að þessir menn vissu ekki hvað réttarríkið væri.

Þegar yfirstjórn leikskólans var að minni ósk kölluð saman vegna málsins vannst sá merki sigur að þremmingarnir voru færðir yfir í rólur að hluta og látnir vega salt að hluta. Ég fékk gröfuna fyrir mig og mokaði í mun stærrí hól en þremmingarnir höfðu náð að gera áður.

Ég hef nú ekki erfitt þetta sérstaklega við þá síðan, enda er ég stærrí maður og umburðarlyndari en svo. En þetta var þeim auðvitað til mikillar minnkunar.“

Úr 6. kafla – Hæstiréttur

„Hæstiréttur Íslands hefur alla tíð óttast lögfræðilega hæfileika mína. Hef ég orðið var við að dómara beinlínis líta undan og sökkva í sætum sínum þegar ég er kominn af stað í málflutningi. Það er vegna þess að þeir finna til smæðar sinnar lögfræðilega við það að hlusta á ræður mínar. Dómaraþeir hafa fengið útrás fyrir þessa minnimáttarkennd sína í minn garð með því að dæma mér ítreakað í óhag. Ég hef árum saman þurft að segja við menn sem leita til mín: Ekki koma til mín, ekki láta reiði Hæstaréttar bitna á þér og máli þínu. En fólk kemur samt. Það segir: Mörður, ég treysti engum öðrum en þér fyrir þessu máli.

Alþjóð veit hve oft Hæstiréttur hefur haft rangt fyrir sér í málum sem ég hef flutt. Það er mjög miður. En það sem mér hefur fundist verst við þá sem hafa dæmt í Hæstarétti er að þeir gera sér enga grein fyrir takmörkunum sínum og hafa oftrú á hæfileikum sínum.“

Úr 9. kafla – Ritdeilur sem ég hef tekið þátt í

„Ég hef verið seinþreyttur til vandræða og er mikill mannasættir. En einstaka sinnum hef ég þó neyðst til þess að drepa niður penna til þess að leiðrétta villur og misskilning í opinberri umræðu. Tel ég því rétt að birta allar greinar sem ég hef nokkurn tímann skrifað í dagblöð og tímarit og gera stuttlega grein fyrir hverri og einni þeirra.

Stundum hafa menn ekki verið tilbúnir að horfast í augu við eigin mistök eða rangfærslur, þar sem þeir eru svo blindaðir af eigin ágæti og þá hef ég neyðst til að setja ofan í við þá aftur og aftur, allt þar til þeir hætta að skrifa á móti. Þeir hætta allir á endanum að reyna að svara, því þeir vita að þeir hafa rangt fyrir sér.

Annars saki ég ekki í deilur og hef ekki áhuga á að rífast við nokkurn mann og hef aldrei haft. Hins vegar hef ég litið á það sem borgaralega skyldu mína að benda á sannleikann í umræðunni. Undan henni get ég ekki vikist. Finnst kannski einhverjum að ég eigi ekki að gegna skyldu minni sem þegn og borgari í þessu samfélagi? Lítur einhver svo á að það eigi að sleppa því að segja sannleikann?“

Úr 11. kafla – Tillögur til úrbóta fyrir Hæstarétt

„Tel ég því einboðið að leiða ætti alla dómara Hæstaréttar fram á Lækjartorg, láta þá standa þar í hnapp, lúpulega, svo almenningur geti horft á þá vandlættingaraugum og ef til vill hent í þá ávöxtum og grænmeti fyrir það að hafa dæmt aftur og aftur vitlaust í málum sem ég hef flutt. Íslenska þjóðin mun án efa taka slíku tækifæri fagnandi og fjölmenna og gæti viðburður sem þessi verið mikilvægt skref í að hreinsa loftið.“

Úr síðasta kafla bókarinnar – Lokaorð

„Með árunum hef ég öðlast meiri auðmykt og þroska og lært betur að meta lífið og tilveruna. Maður spyr sig oft og oft grundvallarspurninga um eitt og annað. T.d. velti ég því mikið fyrir mér hvernig þeim stóra fjölda manna, sem hafa haft svo ítreakað rangt fyrir sér í deilum við mig, líður. Hvernig horfast þeir í augu við sjálfa sig? Það getur ekki verið auðvelt hlutskipti. En öll el stytta upp um síðir, líka hjá þessum ágætu mönnum, þrátt fyrir framferði þeirra sem hefur auðvitað verið fyrir neðan allar hellur.“

Blaðið hlakkar til útgáfu bókarinnar og hvetur félagsmenn til að verða sér út um eintak.

Besti bíllinn.

Audi A3 var valinn besti bíll ársins 2014*
af blaðamönnum frá 22 löndum.



Verð frá kr. 4.890.000,-

Eyðsla: 4,7l í blönduðum akstri, 109 CO₂. Vél: 1,4 TFSI COD, 150 hö.



HÖRÐUR FELIX HARÐARSON OG ÞÓRÓLFUR JÓNSSON HRL.



Athugasemdir vegna ályktana Hæstaréttar um samskipti verjenda við vitni

ÞANN 12. FEBRÚAR sl. var kveðinn upp dómur í hæstaréttarmáli nr. 145/2014 sem í daglegu tali er nefnt Al Thani málið. Undirritaðir gættu þar hagsmuna tveggja ákærðu. Í dóminum var meðal annars fjallað um samskipti verjenda við tiltekin vitni en eins og kunnugt er hefur þótt gæta nokkurrar réttaróvissu um hvaða samskipti verjendur mega eiga við vitni við undirbúning aðalmeðferðar, frá því að héraðsdómur gekk í málinu í lok árs 2013. Í dómi Hæstaréttar var ekki fallist á niðurstöðu héraðsdóms um að verjendum væri óheimilt að ræða við vitni við undirbúning aðalmeðferðar. Kom það ekki sérstaklega á óvart, enda er hvergi í lögum um meðferð sakamála lagt bann við slíkum samskiptum, auk þess sem niðurstaðan fór að mati undirritaðra í bága við grundvallarréttindi sem sakborningum eru tryggð í Mannréttindasáttmála Evrópu. Bendir Hæstiréttur réttilega á að verjanda beri samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga um meðferð sakamála að draga fram í máli allt sem verða má skjólstæðingi hans til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna en við þá hagsmunagæslu þurfi hann að gæta að þeirri meginreglu 18. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn að neyta aðeins lögmætra úrræða til að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna.

Umfjöllun Hæstaréttar um vitnisburð GPG

Í dóminum komst Hæstiréttur hins vegar svo að orði:

„Á hinn bóginn verður að gæta að því að við skýrslutöku af vitninu GPG svaraði hann því til að hann hafi rætt fyrir aðalmeðferð málsins bæði við ákærða Hreiðar ásamt verjanda hans og ákærða Ólaf og verjanda hans. Slík samtöl, sem voru ekki aðeins við verjendur heldur um leið ákærðu, geta vart hafa átt það tilefni eitt að verjendur hafi talið þörf á að leita upplýsinga um hverju vitni kynni að geta svarað við skýrslugjöf fyrir dómi.“

Nánar tiltekið er Hæstiréttur þar að vísa til eftirfarandi ummæla vitnisins, sem hann viðhafði í tilefni af spurningu frá saksóknara um hvort hann hefði rætt við ákærðu eða verjendur í aðdraganda aðalmeðferðar:

„Bæði við Hreiðar Má og hans verjanda og við Ólaf Ólafs og hans verjanda.“

Samtöl sem ekki áttu sér stað

Af tilvitnuðum ummælum Hæstaréttar að dæma virðist hann draga þá ályktun að umrætt vitni hafi átt tvö samtöl, annars vegar við Hreiðar ásamt verjanda hans og hins vegar við Ólaf ásamt verjanda hans. Skemmst er frá því að segja að hér virðist Hæstiréttur misskilja skýrslu

vitnisins í héraði og draga ranglega þá ályktun að verjendur og ákærðu hafi sameiginlega rætt við vitnið. Hið rétta er að umræddir verjendur áttu ekki samtöl eða sátu fundi með vitnum þar sem ákærðu voru þátttakendur. Líklegast er að vitnið hafi hitt ákærðu eða rætt við þá við annað tilefni. Hafi það gerst þá var það ekki fyrir milligöngu verjenda og enn síður voru verjendur þar nærri. Hitt er svo annað mál að vandséð er að þótt rétt væri gæti það talist brjóta í bága við ákvæði laga um meðferð sakamála eða laga um lögmenn.

Ekkert tilefni til ályktunar Hæstaréttar

Það er vitanlega bagalegt fyrir verjendur að sitja uppi með aðfinnslur í dómi Hæstaréttar sem enga stoð eiga í raunverulegum atvikum máls. Rétt er að geta þess að hvorki héraðsdómur né ákærvald höfðu lagt á þann veg út af ummælum vitnisins sem Hæstiréttur gerir og ekki voru bornar upp spurningar um ummælin við meðferð málsins fyrir Hæstarétti. Ummæli vitnisins gefa ennfremur ekkert tilefni til þessarar ályktunar að mati undirritaðra. Höfðu verjendur því ekki tilefni til þess að áréttta við meðferð málsins fyrir Hæstarétti að vitnið hefði rætt við verjendur í sitt hvoru lagi og án aðkomu ákærðu.



Umfjöllun Hæstaréttar um vitnisburð BÓ

Í öðru lagi kemur eftirfarandi fram í dómi Hæstaréttar:

„Þá er til þess að líta að við skýrslugjöf vitnisins BÓ fyrir dómi var lögð fyrir bann í tilefni af breyttum framburði hans frá lögregluskýrslu um tiltekið atríði spurning um hvort hann hafi átt samtöl sem þessi og lýsti hann því fyrst í stað að hann hafi rætt við „ákærðu og verjendur þeirra eftir að ákæran kom“, síðan að hann hafi „farið yfir gögnin“ af því að hann „vantaði bara að fá ýmsar upplýsingar“, nánar aðspurður sagðist hann hafa hitt „verjendur í þessu máli“, en að endingu að um hafi verið að ræða verjanda ákærða Hreiðars. Afsvörum, sem ákærðu Hreiðar og Sigurður gáfu við aðalmeðferð málsins við spurningum sem snerust um atríði í framburði BÓ hjá lögreglu, verður ekki annað ráðið en að þeir hafi báðir gengið út frá því að framburður þessa vitnis í skýrslu, sem hann átti eftir að gefa fyrir dómi, yrði á annan veg en framburður hans hjá lögreglu.“

Að hverju fann Hæstiréttur?

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að „atriði varðandi“ umrætt vitni gæfu tilefni til aðfinnslu. Ekki er fyllilega ljóst hvað Hæstiréttur á við með því. Tilvísun Hæstaréttar til þess að vitnið hafi m.a. sagst hafa hitt „ákærðu og verjendur“ kann að benda til þess að rétturinn telji að verjandinn hafi átt fund með vitninu ásamt skjólstaðingi sínum. Fyrir því er reyndar engin stoð í framburði vitnisins og rétt að taka fram að verjandinn átti einn í þessum samskiptum.

Er verjanda óheimilt að sýna eða afhenda gögn?

Í framburði vitnisins kom sem fyrr segir fram að vitnið hafi viljað fá ýmsar upplýsingar hjá verjandanum

og afrit gagna. Hugsanlega ber að skilja umfjöllun Hæstaréttar svo að óheimilt hafi verið að sýna umræddu vitni málsskjöl. Það verður þó að teljast ólíklegt enda verður ekki séð að til sé lagaákvæði þar sem bann er lagt við því, einu og sér. Verjandi hlýtur raunar að þurfa að horfa til gagna málsins þegar upplýsinga er aflað frá vitnum og vera heimilt að kanna hvort vitni geti veitt upplýsingar um efni eða tilurð skjallegra sönnunargagna.

Hafði verjandinn rangt við í samskiptunum?

Það eina sem lá fyrir í málinu um efni samskipta verjandans við vitnið var framburður vitnisins um að það hafi hitt verjandann á einum fundi. Vitnið kvaðst hafa viljað fá upplýsingar og farið hafi verið yfir gögn. Vitnið var spurt að því fyrir dómi hvort það hafi verið beitt þrýstingi á fundinum eða lagt að því að segja eitthvað annað en sannleikann fyrir dómi. Vitnið neitaði því. Ekki verður því séð að eitthvað í framburði vitnisins hafi gefið Hæstarétti tilefni til að ætla að verjandinn hafi farið á svig við skyldur sínar í þessum samskiptum.

Vitneskja skjólstaðings um framburð vitnis

Í dómi Hæstaréttar er vísað til þess að tveir ákærðu hafi gengið út frá því við skýrslugjöf fyrir dómi að framburður vitnisins BÓ yrði á annan veg fyrir dómi en hjá lögreglu. Óljóst er hvaða þýðingu þetta hefur haft við mat réttarins á störfum verjandans. Er með þessu verið að segja að verjandinn hafi vitað hver framburður BÓ yrði og komið boðum um það efni til þessara tveggja ákærðu? Ekkert liggur þó fyrir um þetta í málinu og ástæða til að benda á að vitnið og ákærðu voru nánir samstarfsmenn til margra ára. Ef rétt væri, er verjanda þá samkvæmt þessu óheimilt að gera

skjólstaðingi sínum grein fyrir því sem fram kann að koma í samskiptum við vitni?

Réttaróvissu eytt eða hún aukin?

Af dómi Hæstaréttar verður ótvírætt ráðið að verjendum er heimilt, og eftir atvikum skylt, að eiga samskipti við vitni við undirbúning aðalmeðferðar í sakamálu. Með þeirri niðurstöðu hefur tímabundinni óvissu um það efni verið eytt. Fjölmargar áleitnar spurningar vakna hins vegar við lestur dómsins um það hvers konar samskipti verjendum er heimilt að eiga við vitni. Hugsanlega munu dómstólar halda áfram á sömu braut og móta þær reglur, eftir því sem tilefni gefst til, í síðari dómum. Það hlýtur hins vegar að vera umdeilanlegt hvort það sé hlutverk þeirra.


Vond staða fyrir verjendur

Þetta er vond staða fyrir þá lögmennt sem taka að sér verjendastörf. Ekki liggur fyrir, þrátt fyrir umræddan dóm Hæstaréttar, hvað var aðfinnsluvert í samskiptum verjandanna við vitnin. Um það gætu vitnin borið, væru þau að því spurð, að samskiptin voru ekki á nokkurn hátt óviðeigandi, hvað þá að ólögætum aðferðum hafi verið beitt. Fyrir ályktunum Hæstaréttar um þetta efni er að mati undirritaðra ekki nokkur stoð. Verjendur hljóta að hugsa sig tvisvar um áður en þeir ræða við vitni, þrátt fyrir að viðurkennt sé að þeim sé það heimilt. Víki vitni í einhverjum atríðum frá framburði sínum hjá lögreglu má verjandi samkvæmt framangreindu búast við aðfinnslum, óháð því hvernig samskiptunum var háttað og hvað upplýst er um þau. Slík staða er að mati undirritaðra ótæk.

CATO
L Ö G M E N N

K · R · S · T
L Ö G M E N N

FORTIS
Lögmannsstofa



Ákærvaldið og „lekamál“

Í ÁLITI UMBOÐSMANNS Alþingis í máli nr. 8122/2014, sem kallað hefur verið „lekamálið“, er m.a. fjallað um stjórn eða ábyrgð á rannsóknum sakamála. Þá er í fylgiskjali nr. 7 með álitinu vikið að fyrirkomulaginu í þessum efnum í nágrannaríkjum okkar, einkum í Danmörku og Noregi.

Ýmislegt í skrifum umboðsmanns um þátt ákærvaldsins í rannsóknum sakamála þykir mér athugasvert og jafnvel villandi.

Af þessu tilefni mun ég hér á eftir, í eins knöppu máli og unnt er, víkja að ákærvaldinu og rannsóknum sakamála í sögulegu samhengi (1), eftirliti ráðherra með framkvæmd ákærvalds (2), fyrirkomulaginu í nágrannaríkjum (3) og loks hugsanlegu vanhæfi viðkomandi lögreglustjóra í „lekamálinu“ (4)

1. Ákærvald og rannsókn sakamála

Heildstæð lög um meðferð opinberra mála voru fyrst sett á árinu 1951, þ.e. lög nr. 27/1951. Dómsmálaráðherra var þá, eins og verið hafði um árabíl, æðsti handhafi ákærvalds og því hlutverki hans lýst í 20. gr. laganna þannig:

„Dómsmálaráðherra fer með ákærvaldið, sbr. þó 112. - 114. gr. Hann fyrirskipar rannsókn opinbers máls og hefur yfirstjórn hennar með þeim takmörkunum, er í lögum þessum greinir. Hann kveður á um höfðun og áfrýjun opinbers máls samkvæmt lögum þessum.“

Eftir að embætti ríkissaksóknara (saksóknara ríkisins) tók til starfa eða frá 1. júlí 1962 og allt þar til lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála tóku gildi var hlutverki ríkissaksóknara lýst með þessum orðum:

„Ríkissaksóknari skal hafa gætur á afbrotum, sem framin eru. Hann kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur

yfirstjórn hennar og eftirlit. (Undirstrikun mín) Getur hann gefið lögreglumönnum fyrirsmæli og leiðbeiningar um framkvæmd rannsókna og verið við hana staddur eða látið fulltrúa sinn vera það. Hann höfðar opinbert mál, sbr. þó 112.-114. gr. tekur ákvörðun um áfrýjun þeirra og gegnir að öðru leyti þeim störfum, sem honum eru falin í lögum.“ Ákvæði þetta var síðast í 21. gr. laga nr. 74/1974.

Hlutverki ákærvaldsins var ekki lýst með sama hætti í nýjum lögum sem sett voru um meðferð opinberra mála, þ.e. lögum nr. 19/1991, en hvergi kemur fram að hlutverki ákærvaldsins hafi verið breytt með þeim lögum þótt skipan ákærvaldsins hafi tekið nokkrum breytingum frá því sem verið hafði.

Í áliti umboðsmanns Alþingis, Gauks Jörundssonar, frá 14. maí 1998 segir:

„Samkvæmt 5. mgr. 27. gr., 2. mgr. 66. gr. og 2. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum, getur ríkissaksóknari kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni. Þá er það ennþá á hans valdi að taka „fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki“, sbr. 2. mgr. 76. gr. laganna. Er ljóst af þessum og öðrum ákvæðum laga nr. 19/1991, að það er ríkissaksóknari, sem fer með æðsta vald hér á landi við rannsókn opinberra mála.“ (Undirstrikun mín)

Í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 19/1991 var það tilgreint sem eitt af megin markmiðum þeirra að skilja til fulls á milli ákærvalds og lögreglu annars vegar og dómsvalds hins vegar. Tekið var fram að rannsókn mála yrði að öllu leyti í höndum ákærvalds og lögreglu og dómari ætti aldrei frumkvæði að né stýrði rannsókn svo sem verið hafði, einkum fyrir 1976. Ákvæði í 66. gr. laganna, sem er undanfari 52. gr. núgildandi laga um

meðferð sakamála, nr. 88/2008, og sem umboðsmaður Alþingis leggur talsvert mikla áherslu á í áliti sínu, er staðfesting á þeirri fyrirætlun löggjafans að afnema dómsrannsóknir. Rannsókn sakamála, þ.e. framkvæmd rannsókna svo sem yfirheyrsla sakborninga og vitna, skal vera í höndum lögreglu nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Eftir sem áður fer ákærvaldið með æðsta vald við rannsóknirnar. Ákvæði gildandi laga um meðferð sakamála, sem m.a. var ætlað að styrkja stöðu og efla sjálfstæði ákærvaldsins, hafa ekki dregið úr þessu hlutverki ákærvaldsins.

Lögreglustjóri er meðal ákæranda og sinni hann rannsókn sakamáls er þetta hlutverk hans, hlutverk ákærands, í forgrunni eins og staðfest var í dómi Hæstaréttar í máli nr. 248/2006 sem umboðsmaður Alþingis vísar til í áliti sínu. Í því hlutverki heyrir lögreglustjórinn ekki undir ráðherra eða ríkislögreglustjóra heldur ríkissaksóknara sem fer með æðsta vald við rannsókn sakamála.

2. Eftirlit ráðherra

Samkvæmt 19. gr. laga um meðferð sakamála hefur innanríkisráðherra eftirlit með framkvæmd ákærvalds. Vilji hann fá upplýsingar um meðferð einstaks máls getur hann krafist þess að ríkissaksóknari láti í té gögn og greinargerð um það. Ráðherra á því ekki að leita til einstakra ákæranda með slíkt erindi. Hann er alls ekki yfirstjórnandi ákærvaldsins og hann hefur hvorki vald til afskipta af verkum ákæranda í einstökum málum né til að breyta ákvörðunum þeirra.

Áþekkar reglur ættu, að mínum dómi, að gilda í samskiptum ráðherra og ráðuneytis við einstaka lögreglustjóra. Tæpast eru það góðir stjórnsýsluhættir að ráðherra sniðgangi ríkislögreglustjórn, umboðsmann sinn í löggæslumálum,

og hafi bein samskipti við einstaka lögglustjóra um löggæslumál.

3. Fyrirkomulag í nágranna- ríkjum, sbr. fylgiskjal nr. 7 með álitum umboðsmanns

Því er réttilega lýst í fylgiskjalinu að í Danmörku sé dómsmálaráðherra æðsta stjórnvald á sviði lögglumála bæði að því er varðar ákærvald og starfsemi lögglunnar. Ráðherra og ráðuneyti hans hafi að formi til möguleika til að grípa inn í meðferð löggluembætta í einstökum sakamálum og meðferð ákærvalds. Síðan segir að í framkvæmd hafi það lengi verið svo að ráðherra hafi ekki gripið inn í einstök mál, „*beldur fara ríkislögglustjóri og ríkissaksóknari með þessi mál.*“ Það er rétt að ríkissaksóknari fer í framkvæmd með æðsta vald í meðferð sakamála í Danmörku en ríkislögglustjóri hefur hins vegar ekki afskipti af lögglu- rannsóknnum. Bent er á vefsíðu lögglunnar í Danmörku, politi.dk, þar sem gerð er stutt grein fyrir hlutverki ákærvaldsins í löggluumbættum.

„*Anklagerne i politikredsene fører straffesager ved byretterne i deres respektive politikredse. De har også ansvaret for kredsens efterforskning af lovovertrædelser. Den lokale anklage- myndighed varetages i praksis af politikredsens jurister og af polititjeneste- mænd.*“

Ákærendur bera ábyrgð á lögglu- rannsóknnum í Danmörku.

Þegar umboðsmaður viku að fyrirkomulaginu í Noregi segir hann, að þess þurfi að gæta í samanburði bæði við Ísland og Danmörku, að „í Noregi er ákærvaldið samtvinnað lögglunni í meira mæli og ríkissaksóknari fellur þar ekki undir dómsmálaráðuneytið eins og er a.m.k. að forminu til í binum löndunum“¹. Síðan lýsir hann því að ríkissaksóknari sé æðsti embættismaður ákærvaldsins í Noregi og aðeins konungur með ákvörðunum teknum í ríkisráði geti tekið ákvarðanir um almennar reglur og gefið bindandi fyrirmæli um framkvæmd starfa ríkissaksóknara.

Þess má geta í þessu sambandi að konungur hefur gefið út ítarlega reglugerð um ákærvaldið og meðferð ákærvalds í Noregi. Gengur reglugerðin

undir heitinu „*Påtaleinstruksen*“. Að sjálfsögðu er það dómsmálaráðherra í Noregi sem kemur á framfæri í ríkisráði tillögum að reglum eða fyrirmælum varðandi ákærvaldið.

Ekki fer á milli mála að ákærvaldið er samtvinnað lögglunni í löndunum þremur, Íslandi, Danmörku og Noregi. Ef einhver munur er þar á er hann fremur að formi en efni. Og í löndunum þremur er kveðið á um það í réttarfarslögum að rannsókn sakamála sé í höndum lögglu; sbr. 1. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála, 2. mgr. 742. gr. rettsplejeloven og 1. mgr. 225. gr. straffeprosessloven. Þrátt fyrir það er yfirstjórn og ábyrgð á rannsóknnum í höndum ákærenda.

Umhugsunarvert er að umboðsmaður skuli flokka Ísland með Danmörku þar sem hann segir að í Noregi falli ríkissaksóknari ekki „*undir dómsmálaráðuneytið eins og er a.m.k. að forminu til í binum löndunum*“, þ.e. Íslandi og Danmörku.

Eins og fram er komið er dómsmálaráðherra Danmerkur formlega æðsti handhafi ákærvalds þar í landi og getur formlega gefið almenn fyrirmæli og jafnframt fyrirmæli í einstökum málum, allt samkvæmt skýrum ákvæðum í rettsplejeloven.

Hér á landi hefur ríkissaksóknari hins vegar verið æðsti handhafi ákærvalds allt frá 1962 og haft með höndum yfirstjórn rannsóknar sakamála og eftirlit með rannsóknnum. Lagareglum um eftirlit ráðherra með ákærvaldinu var lýst hér að framan. Hann hefur hvorki heimild til að gefa fyrirmæli í einstökum málum né til að setja almennar reglur um rannsókn mála en getur sett reglur á afmörkuðum sviðum, sbr. 67. gr. og 89. gr. laga um meðferð sakamála.

4. Vanhæfi lögglustjóra

Ef lögglustjóri er vanhæfur til að fara með mál skal ríkissaksóknari taka sjálfur ákvörðun um saksókn í því eða fela það öðrum lögglustjóra, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga um meðferð sakamála. Sýnist rétt að skýra orðið saksókn í þessu samhengi rúmri orðskýringu þannig að það taki til allrar meðferðar sakamálsins, frá og með lögglurannsókn til og með dómsmeðferð, sbr. orðasambandið að „sækja e-n til sakar“. Augljóslega væri lítið gagn í þessu ákvæði og aðgerð ríkissaksóknara samkvæmt

því ef ákvæðið ætti einungis við um málshöfðunina.

Samkvæmt 7. mgr. 8. gr. lögglulaga nr. 90/1996 mega „*[lögglustjorar og aðrir þeir sem fara með löggluvald [...]] ekki rannsaka brot ef þeir eru vanbæfir til þess samkvæmt stjórnslögum [...]. Starfsmenn þess lögglustjóra, sem vanbæfur er, geta þó rannsakað mál undir stjórn annars lögglustjóra nema þeir séu sjálfir vanbæfir til að fara með málið samkvæmt stjórnslögum.*“

Rök hníga að því að lögglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hafi verið vanhæfur, sbr. t.d. g. lið 1. mgr. 6. gr. laga um meðferð sakamála, til að stýra rannsókn í svonefndu „lekamáli“, sem beindist að starfsmönnum innanríkisráðuneytisins, hvort heldur litið er á hann sem ákærenda eða handhafa löggluvalds. Ríkissaksóknara var eða hefði því verið rétt að taka við og sinna hlutverki ákærenda við rannsókn málsins, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga um meðferð sakamála. Virðist að því hafa verið stefnt eftir því sem fram kemur í álitum umboðsmanns, haft eftir lögglustjórnum á höfuðborgarsvæðinu og ríkissaksóknara. Ef til vill hefur ekki verið gengið frá þeirri ráðstöfun nógu skilmerkilega. Umboðsmaður virðist jafnvel telja að sú ráðstöfun hafi ekki verið heimil, en vikur þó ekki að efni 3. mgr. 26. gr. laga um meðferð sakamála í álitum sínu. Annar kostur lögglustjórans vegna hugsanlegs vanhæfis var að lýsa sig, með formlegum hætti, vanhæfan, sbr. 7. mgr. 8. gr. lögglulaga, til meðferðar málsins sem handhafa löggluvalds. Hefði þá ráðherra, væntanlega settur ráðherra ad hoc, sett einhvern, hæfan að lögum, sem lögglustjóra til að sinna málinu.

Hafi lögglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu verið vanhæfur í fyrirsvari rannsóknar á „lekamálinu“ hefði héraðsdómari átt að vísa ákæru í málinu frá héraðsdómi að eigin frumkvæði, sbr. 5. mgr. 26. gr. laga um meðferð sakamála, þar sem segir:

„*Nú hefur ákæra verið gefin út og skal dómari þá, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að ákærandi hafi verið vanhæfur til að höfða málið eða lögglustjóri vanhæfur til að rannsaka það. [...]*“

JENS PÉTUR JENSEN HAGFRÆÐINGUR, FRAMKVÆMDASTJÓRI
INTERNET Á ÍSLANDI HF. ISNIC.



Lögbann á lén: Að hengja bakara fyrir smíð

TILEFNI PESSARAR GREINAR er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur frá 14. október 2014 í máli nr. K-9/2013 þar sem lagt er fyrir Sýslumanninn í Reykjavík að leggja lögbann við þeirri athöfn varnaraðila, Hringdu ehf., að veita viðskiptamönnum sínum aðgang að vefsíðunum www.deildu.com, www.thepriatebay.se, www.thepiratebay.com og www.thepiratebay.org.

Vanþekking á tækni

Internet á Íslandi hf. ISNIC mótmælir úrskurðinum harðlega fyrir hönd réttshafa léna og telur hann byggðan á vanþekkingu á eðli Internetsins og þeirri tækni og aðferðum sem notuð er við að sækja, vista og dreifa efni á netinu sem óhjákvæmilega gerir það að verkum að lögbannið getur aldrei náð tilgangi sínum. Eina færa leiðin sem undirritaður þekkir til þess að stöðva aðgang að efni á netinu er annars vegar að fjarlægja efnið (þjónustuna) og/eða hins vegar að hindra aðgang þess einstaklings að netinu sem ætlað er að sækji efnið og dreifi því. Þetta er tæknilega torsótt en hægt er að hindra aðgang fólks að netinu, t.d. í fangelsum.

ISNIC fær ekki skilið hvernig það getur talist vera „athöfn“ af hálfu internetþjónustuaðila (s.s. Hringdu ehf.) að veita viðskiptamönnum sínum aðgang að tilteknu vefsvæði á Netinu en í 24. gr. laga nr. 31/1990 segir: „Lögbann má leggja við byrjari eða

yfirvofandi athöfn ...“. Netaðgangur gerir, þeim sem hann hafa, kleift að opna hvað vefi sem er og þar með talið vefina sem tilgreindir eru hér að ofan og innihalda stolið efni, rétt eins og aðgangur að útvarpi gerir hlustendum kleift að velja sér hvaða stöð sem er. Hér virðist bakari hengdur fyrir smíð og brotamaðurinn er gerður sá sem veitir aðgang að Netinu (netþjónustuaðilinn) í stað þess sem sækir efnið (stelar því), vistar það hjá sér og deilir því með öðrum – t.a.m. á svokölluðum torrentsíðum. Tónlist og myndbönd má líka senda með venjulegum tölvupósti, eða deila á Facebook eða Youtube svo dæmi sé tekið. (Reyndar myndi lögbann á Facebook falla undirrituðum ágætlega í geð, en það er annað mál).

Í dóminum segir: „Við mat á þessu er til þess að líta að þótt lögbannið kunni að skerða atvinnufrelsi varnaraðila þá felst ekki í banninu stórkostleg skerðing í sambengi við þá hagsmuni sóknaraðila að stöðva höfundaréttarbrotin“. Hér er fullyrðing sem ekki stenst og ISNIC mótmælir því enda halda brotin ótraud áfram annarsstaðar á netinu, á stöðum sem lögbannið nær ekki til. Um þetta verður ekki deilt.

Kínverski eldveggurinn á Íslandi?

Um fjárhagslega og tæknilega skaðsemi lögbannsins er þetta að segja. Dóminn kváðu upp þrjár dómara, þar af einn tilkvaddur sérfræðingur sem er

menntaður í tölvunarfræði. Nú skal ekkert fullyrt um það hér hversu vel dómarnir eru að sér um eðli og hlutverki léna eða netkerfa, eða hversu djúpa þekkingu þeir hafa á rekstrarkerfum Netsins, kerfunum sem stýra umferðinni heimshorna á milli um rútera, skipta, beina og nafnaþjóna svo nokkuð sé nefnt. Hins vegar fjallar tölvunarfræðin sem slík lítið um netrekstur og rekstur nafnaþjóna að því er mér skilst. Þá hefur oft komið fram í samtölum starfsmanna ISNIC við hina ýmsu „tölvusérfræðinga“ í gegnum árin, að mikið vantar upp á skilning flestra á eðli og virkni þess kerfis sem internetumferðin hvílir á, þ.e.a.s. DNS kerfisins. Leiðin sem netþjónustuaðilar þurfa að fara til þess að uppfylla skilyrði lögbannsins felur í sér að afvegaleiða og reyna að hindra fyrir netumferð þannig að í stað þess að hún fari eftir hagkvæmstu leiðum í hvert sinn, þá flæðir hún aðrar og lengri leiðir með tilheyrandi töfum á netumferð og aukningu á erlendu niðurhali til Íslands þar sem hér á í hlut innlent internetþjónustufyrirtæki. Þetta veldur því að kostnaður allra notenda hækkar og gæði innlenda netsins sem slíks dvínar – og þeim mun meira eftir því sem úrskurðir sem þessi banna fleiri lén. Aðferðin sem Héraðsdómur Reykjavíkur hefur illu heilli samþykkt er sú sama og kínversk stjórnvöld nota með miklum árangri og nefnist „The Great Firewall of China“, eða kínverski eldveggurinn. Hann gerir það að verkum

að í raun og veru er annað og miklu umfangsminna internet í Kína en í flestum öðrum löndum.

Lén er heimili og heimilisfang á netinu

Skammstöfunin www stendur fyrir „world wide web“, sem á íslensku nefnist Veraldarvefurinn, eða bara „vefurinn“. Vefurinn er samheiti yfir ótölulegan fjölda vefsíðna (vefskjala) sem geta ýmist staðið einar og sér, eða verið hluti af stærri heild. Finna má marga litla vefi og alls kyns vefþjónustur undir þekktum lénnum á borð við ruv.is, visir.is, mbl.is eða google.com svo dæmi séu tekin.

„Vefur“ og „lén“ eru semsagt sithvor hluturinn. Tölvupóstþjónusta er líklega mun stærri þjónusta á heildina litið en vefþjónustan (vefurinn). Þegar lokað er á vefslóðir þá er jafnframt lokað á lén og þar með á alla þjónustu sem á léninu hvílir og hvíla kann - líka tölvupóstinn. Þá reiða IP-símkerfi nú til dags að hluta til á lén. Þetta vill gleymast.

ISNIC fékk á sínum tíma óformlegt erindi um að loka léninu istoryent.is og hafnaði því. Í símtali við viðkomandi embætti, og öðru við lögmann sækjanda, spurði ISNIC hvort rétthafi lénsins hafi með dóminum líka verið bannað að senda og taka á móti tölvupósti á istoryent.is. Aldrei var farið fram á

lokun lénsins istoryent.is eftir þetta, en viðkomandi rétthafi fékk hins vegar á sig þungan dóm fyrir að deila efni á vefsíðu.

Lén er í senn heimili og heimilisfang á Netinu, ekkert annað. Ef það er rétt skráð af viðkomandi rétthafa (skoðið t.d. skráningu eigin léns í Whois glugganum efst á www.isnic.is) er hægur vandi að hafa uppi á ábyrgðarmanninum (rétthafanum) og gera hann ábyrgan fyrir þjónustunni, sem veitt er á viðkomandi vef. Það dugar ekki að hengja bakarann þegar smiðnum er um að kenna.

Leiðrétting

Í 4. tbl. Lögmannablaðsins 2014 misritaðist orðalag ályktunar sem samþykkt var á félagsfundum í Lögmannafélagi Íslands þann 26. nóvember 2014. Rétt útgáfa ályktunarinnar hljóðar svo:

„Fundurinn ályktar að lögmanni sé rétt og geti eftir atvikum verið skylt að hafa samband við vitni í máli. Hafi lögmaður samskipti við vitni ber honum að gæta tillitsemi og forðast að hafa áhrif á framburð vitnis. Lögmennt sem gæta að þessu gæta faglegra vinnubragða og sem samrýmast þeim siðareglum sem gilda um störf þeirra. Stjórn félagsins er falið að vinna áfram að þeirri tillögu sem liggur fyrir fundinum um breytingar á siðareglum félagsins þessu til staðfestu“.

Alþjóðlegt fyrirtækjanet

PwC er alþjóðlegt fyrirtækjanet sem þjónustar fyrirtæki og stofnanir með ráðgjöf á sviði skatta, lögfræði og fjármála auk endurskoðunar.



pwc.is



NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Stefán Karl Kristjánsson, hrl.

Kr. St. lögmenn
Hafnarholvi, Tryggvagötu 11
101 Reykjavík
Sími: 551-6412

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Halldóra

Aðalsteinsdóttir, hdl.

H.A. lögfræðistofa
Hafnargötu 90a
230 Reykjanesbær
Sími: 898-9232

Guðmundur Þórir Steinþórsson, hdl.

Lögreglustjórnin á
Suðurnesjum
Brekustíg 39
245 Reykjanesbær
Sími: 420-1700

Heiðmar

Guðmundsson, hdl.

CATO lögmenn
Katrínartúni 2, 16. hæð
105 Reykjavík
Sími: 595-4545

Sonja H. Berndsen, hdl.

Mandat lögmannsstofa
Ránargötu 18
101 Reykjavík
Sími: 511-1190

Helga Björg Jónsdóttir, hdl.

Draupnir lögmannsþjónusta
Laugavegi 182
101 Reykjavík
Sími: 415-0150

Sigurgeir Bárðarson, hdl.

LEX lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Arna Pálsdóttir, hdl.

Tort ehf.
Aðalstræti 6
101 Reykjavík
Sími: 511-5008

Aldís Geirdal

Sverrisdóttir, hdl.

LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Einar Örn Sigurðsson, hdl.

Impact lögmenn
Garðastræti 36
101 Reykjavík
Sími: 546-2505

Margeir Valur

Sigurðsson, hdl.

ADVEL lögmenn
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 520-2050

Snædís Ósk

Agnarsdóttir, hdl.

JP lögmenn
Katrínartúni 2, 17. hæð
105 Reykjavík
Sími: 588-5200

Harpa Rún Glad, hdl.

Fiskistofa
Dalshrauni 10
220 Hafnarfjörður
Sími: 569-7911

Ásta Guðjónsdóttir, hdl.

BBA
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 550-0505

Davor Purusic, hdl.

Hvassaleiti 53
103 Reykjavík
Sími: 864-9391

Sunna Magnúsdóttir, hdl.

Lögmál ehf.
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
Sími: 511-2000

Eiríkur Guðlaugsson, hdl.

Jónatansson & Co.
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími: 533-3434

Hannes Ágúst Sigurgeirsson, hdl.

Lögvernd
Ármúla 15
108 Reykjavík
Sími: 588-1040

Ari Guðjónsson, hdl.

Icelandair Group
Reykjavíkflugvelli
101 Reykjavík
Sími: 505-0158

Axel Ingi Magnússon, hdl.

Lögmenn Árbæ
Nethyl 2b
110 Reykjavík
Sími: 568-1245

Katrín Rúnarsdóttir, hdl.

LEX lögmannsstofa
Hafnarstræti 94
600 Akureyri
Sími: 590-2600

Hildur Gunnarsdóttir, hdl.

Landsbankinn
Hafnarstræti 7
155 Reykjavík
Sími: 410-5908

Lára Herborg Ólafsdóttir, hdl.

Juris lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 580-4400

Viktoría Hilmarsdóttir, hdl.

Tort ehf.
Aðalstræti 6, 5. hæð
101 Reykjavík
Sími: 511-5008

Andri Andrasen, hdl.

Juris síf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 580-4400

Nýjar bækur á bókasafni

Hafsteinn Þór Hauksson og Skúli Magnússon: **Kaflar í réttarheimspeki**. Bókaútgáfan Codex 2014.

Porgeir Örylgsson og Benedikt Bogason: **Kröfuréttur, þættir**. Bókaútgáfan Codex 2014.

Lennart Lyngé Andersen og Palle Bo Madsen: **Aftaler og mellemænd**. 6. útg. Karnov 2012.

Erik Werlauff og Lennart Lyngé Andersen: **Kreditretten** 5. útg. Karnov 2010

H. P. Rosenmeier: **Mangler ved fast ejendom**. 6. útg. Karnov 2013.

Franco Ferrari (ritstjóri): **Forum Shopping in the International Commercial Arbitration Context**. European law publishers 2013.

Franco Ferrary og Stefan Kröll: **Conflict of Laws in International Arbitration**. European law publishers 2011.

Fabio Bortolotti: **Drafting and Negotiating International Commercial Contracts**. ICC 2013.

Hans Viggo Godsk Pedersen: **Kaution**. Djøf 2013.

Mads Bryde Andersen: **Enkelte transaktioner - Aftaleretten III**. 2. útg. Gjellerup 2011.

Nils Kjellegaard Jensen: **Selskabsretlig håndbog- u-/lovligt kapitaludtræk i A/S og ApS** 2. útg. Nyt Juridisk Forlag 2010.

Bernhard Gomard: **Almindelig kontraktsret**. 4.útg. Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2012.



**ENDURÚTGEFIN
MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI**

Leó Eiríkur Löve, hrl.
Sléttuvegi 7
103 Reykjavík
Sími: 898-7987

Halldór V. Frímansson, hdl.
Viðlagatrygging Íslands
Borgartúni 6
105 Reykjavík
Sími: 575-3302

Harri Ormarsson, hdl.
Umhverfis og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411-3000

Hjalti Pálmason, hdl.
Lögmenn Laugarnesi
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 578-4415

Jón Stefán Björnsson, hdl.
Arion banki
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 441-6154

Sigurjón Ingvason, hdl.
Reykjavíkurvegi 60
220 Hafnarfjörður
Sími: 825-7931

NÝR VINNUSTAÐUR

Andrés Már Magnússon, hdl.
Lögmennsstofan ehf.
Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími: 464-9900

Gísli Kr. Björnsson, hdl.
Lögmenn Laugarnesi
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 578-4415

Bragi Dór Hafþórsson, hdl.
LEX lögmennsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Hallmundur Albertsson, hdl.
CATO lögmenn
Katrínartúni 2, 16. hæð
105 Reykjavík
Sími: 595-4545

Stefán Reykjalín, hdl.
BBA
Höfðatorgi, 19. hæð
105 Reykjavík
Sími: 550-0500

Anna Rós Sigmundsdóttir, hdl.
Kennarasamband Íslands
Laufásvegi 81
101 Reykjavík
Sími: 595-1111

Halla Björgvinsdóttir, hdl.
Marel hf.
Austurhrauni 9
210 Garðabær
Sími: 563-8667

Inga Lillý Brynjólfsson, hdl.
Digna lögmennsstofa
Kleifarási 8
110 Reykjavík
Sími: 866-8202

Ingólfur Kristinn Magnússon, hdl.
Inkasso löginneimta
Hlíðarsmára 4
201 Kópavogur
Sími: 615-0106

Jakob Björgvin Jakobsson, hdl.
Lögvit lögmennsstofa ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 580-3450

Pétur Steinn Guðmundsson, hdl.
Lögvit lögmennsstofa ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 580-3450

Guðrún Sesselja Arnardóttir, hrl.
Embætti ríkislögmanns
Hverfisgötu 4-6
150 Reykjavík
Sími: 545-8490

Sigurður B. Halldórsson, hrl.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 516-4000

Guðbjörg Þorsteinsdóttir, hdl.
Lögvit ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 580-3450

Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl.
Veritas lögmenn
Borgartúni 28
105 Reykjavík
Sími: 571-5040

Konráð Jónsson, hdl.
Veritas lögmenn
Borgartúni 28
105 Reykjavík
Sími: 571-5040

NÝTT AÐSETUR

Pórður Már Jónsson, hdl.
Hátúni 6a
105 Reykjavík
Sími: 693-6666

Jón Magnússon, hrl.
Hátúni 6a
105 Reykjavík
Sími: 568-8500

Ingimar Ingimarsson, hrl.
Lögmennsstofa Ingimars
Ingimarssonar
Síðumúla 23
108 Reykjavík
Sími: 553-1910

Ágúst Sindri Karlsson, hrl.
Fjörður fasteignasala
Lækjargötu 34d
220 Hafnarfjörður
Sími: 519-5900

Eyjólfur Ármannsson, hdl.
VestNord lögmenn slf.
Reykjavíkurvegi 60
220 Hafnarfjörður
Sími: 777-1710

Skúli Th. Fjeldsted, hrl.
Ármúla 17
108 Reykjavík
Sími: 414-3050

Steinbergur Finnbogason, hdl.
Lögmenn við Arnarhól
Ægisdötu 26
101 Reykjavík
Sími: 527-1500

Guðfinna Jón. Guðmundsdóttir, hdl.
Fasteignamál lögmennsstofa
Ármúla 6
108 Reykjavík
Sími: 552-2420

Auður Ýr Helgadóttir, hdl.
LOCAL lögmenn
Kringlunni 7, 8. hæð
103 Reykjavík
Sími: 527-9700

Áslaug Gunnlaugsdóttir, hdl.
LOCAL lögmenn
Kringlunni 7, 8. hæð
103 Reykjavík
Sími: 527-9700

Guðrún Bergsteinsdóttir, hdl.
LOCAL lögmenn
Kringlunni 7, 8. hæð
103 Reykjavík
Sími: 527-9700

Hildur Sólveig Pétursdóttir, hrl.
LOCAL lögmenn
Kringlunni 7, 8. hæð
103 Reykjavík
Sími: 527-9700

María Júlía Rúnarsdóttir, hdl.
LOCAL lögmenn
Kringlunni 7, 8. hæð
103 Reykjavík
Sími: 527-9700

Steinunn Guðbjartsdóttir, hrl.
Borgarlögmenn – Holm & Partners
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík
Sími: 533-1330

Páll Eiríksson, hdl.
Borgarlögmenn – Holm & Partners
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík
Sími: 533-1330

Helgi Pétur Magnússon, hdl.
Borgarlögmenn – Holm & Partners
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík
Sími: 533-1330

Pórður Guðmundsson, hdl.
Borgarlögmenn – Holm & Partners
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík
Sími: 533-1330

**Eyðublið**

Ýmis eyðublið, s.s. umsókn um undanþágu frá 12.gr. o.fl.
Umsókn um félagsdeild LMFÍ
Skráning á LÖGMANNALISTANN
Breytingar á vinnustað, heimilisfangi, síma ofl.
Fjárvörsluyfirlýsing 2014

*Munið að tilkynna breytingar á félagatali
Á heimasíðu LMFÍ er eyðublað til að senda inn tilkynningar um nýjan vinnustað
og aðrar breytingar fyrir félagsmenn*



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is